



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Fagur en fjarlægur sósíalismi**

Viðhorf og tengsl íslenskra sósíalista við Alþýðulýðveldið Kína 1949–1971

**Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði**

**Friðrik Sigurbjörn Friðriksson**

**Janúar 2016**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

## **Fagur en fjarlægur sósíalismi**

*Viðhorf og tengsl íslenskra sósíalista við Alþýðulýðveldið Kína  
1949–1971*

**Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði**

**Friðrik Sigurbjörn Friðriksson**

**Kt.: 210986-2359**

**Leiðbeinandi: Valur Ingimundarson**

**Janúar 2016**

## Ágrip

Árið 1949 sigruðust kínverskir kommúnistar á þjóðernisherjum Chiang Kai-shek og stofnuðu í kjölfarið Alþýðulýðveldið Kína. Áhugi íslenskra sósíalista á þessum fréttum og afleiðingum þeirra fyrir kínverskt þjóðfélag var mikill. Árið 1953 var stofnað hið Kínversk-íslenska menningarfélag og átti það að styrkja bein tengsl ríkjanna. Yfir næsta áratug fóru til Kína sendinefndir, bæði á vegum Kínverska kommúnistaflokksins og undir formerkjum menningarsamskipta. Jafnframt settist einn ungur íslenskur sósíalisti á skólabeck í Pekín á árum „stóra stökksins fram á við“. Þeir aðilar sem unnu helst að þessum samskiptum voru margir hverjir forystumenn íslenskra sósíalista og töldu þeir að mikilvægt væri að byggja brú milli landanna í ljósi þess að Ísland viðurkenndi ekki hina nýju stjórn í Pekín. Slík viðurkenning á kommúnistastjórninni varð að áhugamáli íslenskra sósíalista og var umræðuefnið tekið upp endrum og eins.

Í þessari ritgerð er fjallað um viðhorf íslenskra sósíalista gagnvart Alþýðulýðveldinu Kína og tengsl þeirra við landið á árunum 1949–1971. Rannsóknin byggir að miklu leyti á beinum rituðum heimildum íslenskra sósíalista, bréfasöfnum þeirra, dagblöðum og tímaritum. Þá er notast við sérhæfðar erlendar heimildir til að setja fram sögulegan bakgrunn. En út frá pólitísku sjónarhorni er sýnt fram á hvernig framgangur alþjóðahreyfingar kommúnismans hafði áhrif á hvernig afstaða íslenskra sósíalista breyttist á þessum árum gagnvart Kína. Jafnframt er dregin upp mynd af viðbrögðum íslenskra sósíalista og annara við þróun innanríkismála í Alþýðulýðveldinu.

Sýnt er fram á að á hvernig afneitun Sovétríkjanna á arfleið Stalín árið 1956 og deila Kínaverja og Sovétmanna upp úr 1960 endurskilgreindi sýn íslenskra sósíalista gagnvart Kína. Einnig hvernig hin svokallaða menningarbylting Mao formanns og batnandi samskipti Kína við Bandaríkin undir lok 7. áratugs þrengdu enn frekar að aðdáun íslenskra sósíalista á landinu. Jafnframt er rakið hvernig þróunin á beinum tengslum milli íslenskra sósíalista við Kína breyttist í gegnum tímabilið.



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Viðhorf íslenskra sósíalista til byltingarinnar í Kína .....	4
Áhrif deilu Sovétmanna og Kínverja á íslenska vinstri hreyfingu .....	10
Sósíalistaflokkurinn og menningarbyltingin .....	19
Viðbrögð við bættum samskiptum Kína og Bandaríkjanna .....	24
Menningartengsl Íslands og Kína: Kínversk-íslenska menningarfélagið (KÍM) .....	27
Íslenskir sósíalistar og kínverskir kommúnistar .....	33
Sýn íslensks námsmanns á samfélagsþróunina í Kína: SÍA-maðurinn Skúli Magnússon .....	37
Niðurstöður.....	44
Heimildaskrá .....	49

## Inngangur

Byltingin í Kína og stofnun Alþýðulýðveldisins 1. október 1949 var einn mikilvægasti atburður í sögu alþjóðahreyfingar kommúnismans. Undir forystu Mao Zedong var evrópskum hugmyndum um verkalýðsstétt beitt til að virkja byltingaranda stærstu stéttar í Kína, smábænda, sem leiddi til grundvallarbreytinga á þjóðfélagskerfi landsins. Eðli „kínversku leiðarinnar“ til sósíalisma var því margt ólíkt því sem Sovétríkin höfðu hafið rúmlega þremur áratugum áður. Í fyrstu virtu Kínverjar þó leiðtogastöðu Sovétmanna, en tíu árum frá stofnun Alþýðulýðveldisins ákváðu þeir að bjóða Sovétríkjunum birginn, sem leiddi til klofnings í hinum sósíalíska heimi.

Íslenskir sósíalistar fögnuðu valdatöku kommúnista í Kína. Margir þeirra höfðu fylgst með framgangi seinni borgarastyrjaldar kínverskra kommúnista við þjóðernisher Chiang Kai-shek eftir að innrásarher Japana hafði verið sigraður.<sup>1</sup> Þegar sigur kommúnista í Kína var í höfn settu íslenskir sósíalistar atburðina í samhengi við októberbyltinguna í Rússlandi árið 1917 og töldu hana álíka mikilvægan áfanga í sögu sósíalismans. Kína var ekki aðeins fjölmennasta land heims, heldur einnig ein elsta siðmenning jarðar. Íslenskir sósíalistar áttu eftir að leggja mikla áherslu á þessa staðreynd þegar fram liðu stundir.

Í þessari ritgerð verða rakin tengsl og viðhorf íslenskra sósíalista við Alþýðulýðveldið Kína frá stofnun þess árið 1949 og til viðurkenningar Íslands á ríkinu í lok árs 1971. Spurt verður með hvaða augum þeir litu tilraunir kínverskra kommúnista til að byltingarvæða fjölmennasta landbúnaðarsamfélag heims og stefnu Kínverja innan hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar. Sjónum verður sérstaklega beint að hugmyndafræðilegum viðhorfum leiðtoga Sósíalistaflokksins og flokkstengslum við Kommúnistaflokk Kína. Til að svara þessum spurningum verða tengsl Sósíalistaflokksins við önnur sósíalistaríki, einkum Sovétríkjanna, höfð til hliðsjónar.

Á síðustu árum hefur pólitískri og félagslegri baráttu íslenskra sósíalista verið gerð góð skil í ýmsum fræðiritum.<sup>2</sup> Deilur um túlkun hennar hafa þó sett svip sinn á hana, ekki síst um þá spurningu hvort og að hve miklu leyti Kommúnistaflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn

---

<sup>1</sup> Má hér nefna Sverri Kristjánsson sagnfræðing, en hann flutti erindi um ástandið í Kína á fjölmönnum fundi í mars 1947. Sjá *Þjóðviljinn* 11. mars 1947.

<sup>2</sup> Sjá Snorri G. Bergsson, *Roðinn í austri*; Þór Whitehead, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934*; Þór Whitehead, *Sovét-Ísland, óskalandið*; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*; Arnór Hannibalsson, *Moskvulínan. Kommúnistaflokkur Íslands og Komintern. Halldór Laxness og Sovétríkin*; Árni Snævarr og Valur Ingimundarson, *Liðsmenn* Moskvu; Skafti Ingimarsson, „Saga sigurvegaranna. Kommúnistahreyfingin á Íslandi og söguskoðun kalda stríðsins“; Skafti Ingimarsson, „Breaking with the Past? Icelandic Left-Wing Intellectuals and the Era of De-Stalinization“; Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk, þjóðerni og íslensk verkalýðsstjórnsmál 1901–1944*; Jón Ólafsson, *Kæru félagar*; Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*.

hafi verið undir áhrif Sovétríkjanna og hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar eða hvort félagslegar og þjóðernisáherslur hafi verið ráðandi. Lítið hefur hins vegar verið ritað með beinum hætti um íslenska sósíalista og Kína á dögum kalda stríðsins.<sup>3</sup> Markmið þessarar ritgerðar er því að fylla upp í ákveðið tómarúm í fræðilegri umræðu um efnið.

Ekki er þó þar með sagt að fræðimenn hafi sniðgengið viðhorf íslenskra sósíalista til Kína. Hannes Hólmsteinn Gissurarsonar fjallar talsvert um ferðalög íslenskra sósíalista til Kína á 6. og 7. áratug í bók sinni *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* og heldur því fram að upplifun þeirra hafi styrkt trú íslenskra sósíalista á pólitískri þróun í Kína.<sup>4</sup> Auk þess skal bent á umfjöllun Árna Snævarrs í bók hans og Vals Ingimundarsonar, *Liðsmenn Moskvu* um hvernig Sósíalistaflokkurinn tókst á við deilu Kína og Sovétríkjanna í ljósi þess að sumir félagsmenn flokksins tóku málstað Kínverja.<sup>5</sup> Í bókinni ræðir Árni einnig Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds (SÍA), þar sem m.a. er vikið að viðhorfum Skúla Magnússonar, nema við Pekíngháskóla á árunum 1957–1961, á kommúnistastjórn Kína á síðari hluta 6. áratugarins.<sup>6</sup> Helsta úttektin á SÍA og „leyniskýrslum“ félagsins,<sup>7</sup> sem síðar voru birtar í *Morgunblaðinu*, er að finna í ritgerð Helga Hannessonar. Hún kom síðar út í bókaformi árið 1989 undir heitinu *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölin 1956–1963*. Þar sýnir Helgi hvernig birting SÍA-skýrslanna hafði áhrif á þróun sósíalískrar hreyfingar hér á landi. Reynsla fyrrverandi félagsmanna hafi m.a. þátt í þeirri stefnu Alþýðubandalagsins, sem mörkuð var strax í upphafi, að engin formleg tengsl yrðu við kommúnistaflokka austurblokkarinnar.<sup>8</sup>

Þá kemur Helgi Sigurðsson sagnfræðingur einnig inn á skoðanir íslenskra sósíalista á Kína í BA-ritgerð sinni „Samskiptum Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína“ á árunum 1949–1971. Helgi sýnir hvernig viðurkenning Íslands á kommúnistastjórninni í Kína hélst í hendur með stöðu Pekín-g-stjórnarinnar innan Sameinuðu þjóðanna. En Bandaríkjamenn studdu tilkall þjóðernisstjórnarinnar á Taívan til sætis Kína hjá samtökunum. Helgi notast helst við *Þjóðviljann*, dagblað Sósíalistaflokksins, til að setja fram viðhorf íslenskra sósíalista gagnvart

<sup>3</sup> Sjá einna helst bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*; einnig rit Árna Snævarrs og Vals Ingimundarsonar, *Liðsmenn Moskvu*; Brynjólfur Bjarnason, *Pólitísk ævisaga*. Viðtöl Einars Ólafssonar ásamt inngangi, bls. 51–52. Helgi Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölin 1956–1963*; Valdimar Unnar Valdimarsson, „Alþýðulýðveldið og Ísland“, *Ný saga* II:1, bls. 110–119; Helgi Sigurðsson, „Samskipti Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína“.

<sup>4</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, bls. 296–300; 397–402; 418–421, 472–474.

<sup>5</sup> Árni Snævarr og Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 193–196.

<sup>6</sup> Árni Snævarr og Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 158–173, 180–187.

<sup>7</sup> Sjá *Rauða bókin – leyniskýrslur SÍA*. Bókin var gefin út af Heimdalli, samtökum ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík.

<sup>8</sup> Helgi Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölin 1956–1963*, bls. 124–125.

þróun mála milli Íslands og Kína. Helgi telur að sósíalistar hafi farið með rangt mál þegar þeir ásökuðu íslensk stjórnvöld um að vera taglhnýtingar Bandaríkjamanna í málinu. Færir hann rök fyrir því að stjórnvöld hafi í raun hagað sér að mörgu leyti á sjálfstæðan hátt.<sup>9</sup>

Þessi ritgerð mun taka mið af þeirri fræðilegu umræðu sem þegar hefur átt sér stað. Fyrst og fremst er þó ætlun hennar að grafa dýpra að öllu leyti í hver viðhorf og tengsl íslenskra sósíalista voru gagnvart Kína. Ekki verða þó ferðasögur kínafara ræddar sérstaklega, líkt og Hannes Hólmsteinn Gissurarson gerir í sinni bók, nema þá í pólitísku samhengi. Hvað Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds varðar einblínir ritgerðin einna helst á hlut Skúla Magnússonar og tengsl hans við félagið. Stefna íslenskra stjórnvalda gagnvart Kína verður jafnframt sýnd, ólíkt ritgerð Helga Sigurðssonar, út frá sjónarhóli íslenskra sósíalista. Að miklu leyti er ritgerðin á sömu fræðilegu slóðum og Árni Snævarr í bókinni *Liðsmenn Moskvu*. Með mikilli áherslu á deiluna milli Kínverja og Sovétmanna og hvernig hún mótaði viðhorf íslenskra sósíalista gagnvart Kína.

Í ritgerðinni verða færð rök fyrir því af hverju áhugi íslenskra sósíalista á Kína hafi verið umtalsverður á 6. áratug síðustu aldar, en síðan farið dvínandi þegar komið var fram á 7. áratuginn. Jafnframt hvort leiðtogahlutverk Sovétríkjanna í hinni alþjóðlegu kommúnistahreyfingu hafi verið í vafa á meðal íslenskra sósíalista eftir að deila Kínverja og Sovétmanna var gerð opinber. Hvort Sósíalistaflokksnum hafi þótt nánari tengsl við Kínverja æskileg í ljósi fyrri tengsla við Sovétríkin. Til að svara þessum spurningum verður rýnt í skjöl, bréf, bækur og greinar íslenskra sósíalista. Þá verður sjónum beint að starfsemi KÍM, gagnkvæmum heimsóknum flokksmanna og fulltrúum úr stjórnmálum og menningu, sem og viðhorfum áhrifamanna innan Sósíalistaflokksins gagnvart Kína. Sýnt verður að ástæðurnar megi bæði rekja til deilunnar sem og aðgerðir Kínverja, ekki síst í menningarbyltingunni.

Þær frumheimildir sem stuðst verður við í þessari ritgerð eru skjala- og bréfasöfn Einars Olgeirssonar, Kristins E. Andréssonar og Þóru Vigfúsdóttur, Sósíalistafélags Reykjavíkur, Sósíalistafélags Íslendinga austantjalds (SÍA) og fundagerðabók framkvæmdarnefndar Sósíalistaflokksins. Einnig fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins (KÍM) frá árunum 1953–1960. Þá hafa tölvupóstar frá Arnþóri Helgasyni og Árna Bergmann veitt nauðsynlegar upplýsingar. Sem og símaviðtal við Skúla Magnússon. Þau dagblöð sem notast verður við eru *Þjóðviljinn*, *Morgunblaðið*, *Alþýðublaðið* og *Frjáls þjóð*. Einna helst er þó stuðst við tvö fyrstnefndu.

---

<sup>9</sup> Helgi Sigurðsson, „Samskipti Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína“, bls. 39–41.



Ritgerðinni er skipt í tvo hluta: Annars vegar verður fjallað um viðhorf íslenskra sósíalista til Alþýðulýðveldisins Kína út frá sjónarhóli byltingarinnar, deilu Kínverja og Sovétmanna, sem hófst í lok 6. áratugarins, menningarbyltingunni á 7. áratugnum og bættum samskiptum Kína við Bandaríkin í upphafi þess 8. Allir þessir atburðir leiddu til viðhorfsbreytingu á meðal íslenskra sósíalista í garð Kína. Birtingarmynd þess var helst að finna í stigvaxandi þögn þeirra um málefni landsins. Hins vegar verður reynt að sýna hvert eðli tengsla íslenskra sósíalista var við Kína. Það verður gert með því að rýna í pólitískt hlutverk KÍM, beint samband kínverska kommúnista við Sósíalistaflokkinn og aðra aðila tengda honum. Einnig verður útskýrt hlutverk Skúla Magnússonar innan hreyfingar íslenskra sósíalista.

### **Viðhorf íslenskra sósíalista til byltingarinnar í Kína**

Eftir að kommúnistar komust til valda í Kína fóru íslenskir sósíalistar í auknum mæli að beina sjónum að landinu. Saga Kína var sett í samhengi við marxíska söguskoðun<sup>10</sup> og sigur kínverskra kommúnista gegn borgara- og nýlenduöflum hliðhollum Kuomintang-stjórn Chiang Kai-shek lýst sem einni mestu hetjudáð fyrr og síðar. Rúmlega aldarlöngu niðurlægingsarkeiði af höndum nýlenduvelldanna, sem hefði hafist með ópíumstríðum Breta gegn Kínverjum væri þar með lokið.<sup>11</sup> Í augum Magnúsar Kjartanssonar, ritstjóra Þjóðviljans, var hér um að ræða spurningu upp á líf eða dauða fyrir kínverska alþýðu.<sup>12</sup> Sigur kommúnista undir forystu Mao formanns var flokkaður sem merkasti atburður aldarinnar, að byltingunni í Rússlandi 1917 undanskilinni. Þetta var sósíalísk bylting í einni elstu siðmenningu heims. Eins og Gísli Ásmundsson kennari orðaði það: „Fjölmennasta þjóð veraldar hafði brotið af sér hlekki gerspills skipulags og gengið undir merki sósíalismans“.<sup>13</sup>

Fagnaðarerindi marx-lenínismans hafði náð til þriðjungs mannkyns þar sem evrópskar hugmyndir Karl Marx um verkalýðinn voru yfirfærður á stétt smábænda í Asíu. Reyndar leit Marx sjálfur á bændur í Frakklandi sem óvirkt afl á tímum Napóleon III og líkti þeim við „pokafylli af kartöflum“.<sup>14</sup> Að dómi íslenskra sósíalista mætti rekja þjóðernishreyfingu Kínverja til yfirgangs nýlenduvelldanna sem tóku yfir heilu borgirnar og drottnuðu yfir þeim í

---

<sup>10</sup> Marxíska söguskoðun byggir á því að líta á stéttaátök sem helsta drifkraft söguþróunar.

<sup>11</sup> Magnús Torfí Ólafsson, „Sigur kínverskrar alþýðu“, *Réttur* XXXV:1–2, bls. 18–19.

<sup>12</sup> Magnús Kjartansson, *Bak við bambustjaldið*, bls. 19–24.

<sup>13</sup> Gísli Ásmundsson, „Kalda stríðið og lærdómar þess“, *Réttur* XXXIX:1–2, bls. 7.

<sup>14</sup> Georg G. Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 101. Tilvitnun Karl Marx fengin úr ritgerðinni *Der 18te Brumaire des Louis Napoleon* frá árinu 1852.

krafti einræðisstjórnar. Því var engu að tapa fyrir kínversku þjóðina eftir að keisaraveldið féll árið 1912. Litið var svo á að þessi þjóðernishreyfing hefði náð fullum vexti með stofnun Kínverska kommúnistaflokksins árið 1921. Þá var litið á úthýsingu flokksins og gagnbylting Chiang Kai-shek árið 1927 sem svik við þjóðernishreyfinguna, en stjórnin tók þá höndum saman með borgaralegum öflum og nýlenduveldunum.<sup>15</sup>

Árið 1950 kom út safn pistla eftir Sverri Kristjánsson sagnfræðing undir heitinu *Bókin um Kína*. Hann hafði flutt erindi um Kína árið 1947 á vegum Sósíalistafélags Reykjavíkur<sup>16</sup> og í kjölfarið ritað pistla um sögu landsins á árunum 1949–50 í *Þjóðviljann* og *Nýja tímanna* – en Sósíalistaflokkurinn gaf bæði blöðin út. Sverrir lýsti raunum kínverskra kommúnista eftir að stjórn Chaing Kai-shek hóf að berjast gegn þeim árið 1927. Hann vísaði þar til uppgangs kommúnistaflokksins eftir fjöldamorðin í Sjanghæ í apríl og vel heppnaðri varnarstöðu þeirra næstu árin gegn orrustum þjóðernissinna,<sup>17</sup> sem endaði með „göngunni löngu“ – þar sem rauða hernum tókst að komast undan og norður í land. Göngunni yrði minnst sem mikilvægum „minnisvarð[a] um þrek, fórnfýsi og hugrekki alþýðuhreyfingarinnar á 20. öld“ og að „ungir menn framtíðarinnar munu öfunda þá kynslóð, sem átti því láni að fagna, að lifa samtíða hinum berfættu kínversku hetjum norðurfararinnar miklu“.<sup>18</sup> Kristinn E. Andrésson rithöfundur komst síðar svo að orði að „[g]angan mikla varð eins og eldstólpi á tindi sem lýsti yfir landið og fólk í sveitum og þorpum hafði alstaðar samstarf við hersveitir kommúnista og fjöldi æskumanna komu sjálfboðaliðar í herinn“.<sup>19</sup>

Um tveimur áratugum áður hafði Sverrir Kristjánsson ritað langa sögulega fréttaskýringu í *Rétt* um versnandi samskipti Sovétríkjanna við valdhafana í Kína. Á grundvelli fréttu í *Frankfurter Zeitung* hélt hann því fram að kínverskur verkalýður og bændur litu til Sovétríkjanna í baráttu sinni gegn kúgun nýlenduveldanna í garð þeirra. Hann gagnrýndi sameiningarbaráttu þjóðernissinna og stríðandi hershöfðingja sem „hégómlegan draum“ og að eina aflið sem sameinað gæti Kína væru verkalýðs- og smábændastétt landsins.<sup>20</sup> Því var það ekkert nema fagnaðarefni fyrir Sverri að sú spá hans hefði ræst þegar hann tók að rita pistla sína undir lok 5. áratugarins.

Það voru ekki aðeins Mao formaður og fylgismenn hans sem nutu hylli íslenskra sósíalista sem hinir miklu arkítektar byltingarinnar. Einnig var fyrsta forseta Kína Sun Yat-sen

<sup>15</sup> Magnús Torfí Ólafsson, „Sigur kínverskrar alþýðu“, *Réttur* XXXV:1–2, bls. 19–20.

<sup>16</sup> *Þjóðviljinn* 7. mars 1947.

<sup>17</sup> Sverrir Kristjánsson, *Bókin um Kína*, bls. 48–50.

<sup>18</sup> Sama rit, bls. 73–74.

<sup>19</sup> Kristinn E. Andrésson, *Byr undir vængjum*, bls. 94.

<sup>20</sup> Sverrir Kristjánsson, „Ný ófriðarblika“, *Réttur* XIV:3, bls. 308–309.

lýst sem frumkvöðli þeirrar þróunar sem leiddi til stofnunar Alþýðulýðveldisins Kína.<sup>21</sup> Sun Yat-sen hafði gert bandalag við Kínverska kommúnistaflokkinn stuttu eftir stofnun hans árið 1921 og fengið stuðning frá Sovétríkjunum upp frá því. Bandalag þeirra var myndað til að berjast gegn ofurvaldi nýlenduveldanna í landinu sem og gegn stríðsherraklíkunum sem hreiðrað höfðu um sig víðsvegar um Norður- og Mið-Kína eftir fall Qing keisaraveldisins árið 1912. En á milli stjórnar Yuan Shikai, forseta Kína frá 1912–1915, og þar til þjóðernisstjórn Kuomintang náði völdum yfir landinu árið 1928 börðust innbyrðis þónokkrar klíkur stríðsherra um völdin yfir Kína.

Á árunum 1921 til 1935 dvaldist íslenski kristniboðinn Ólafur Ólafsson í Kína og ferðaðist víða um landið. Hann ritaði um ferðalög sín í bókinni *14 ár í Kína* sem kom út árið 1938. Í grein í *Rétti* árið 1930 gerði Sverrir Kristjánsson sér mat úr dvöl Ólafs til að gagnrýna þá borgaralegu nýlendustefnu sem fælist í að halda að það sem kínversk alþýða þyrfti á tímum borgarastyrjaldar væri kristin trú. Hann hélt því m.a. annars fram að „kristin trú [hefði] verið þæg þerna auðvaldsins í böðulsverkum þess í landinu. Þessvegna er það skylda alls hins stéttvísa lýðs að vinna á móti kristniboðsstarfsseminni í Kína [...] hún er nýtt opium fyrir hinn vinnandi lýð í landinu“. Þá gagnrýndi Sverrir einnig fréttáflutning íslenskra borgarablaða um „bófaflokka“ í sveitum Kína, sem þau sögðu tengda kommúnistum þar í landi. Þessu vísaði Sverrir á bug sem tilraun til að sverta réttmæta baráttu kínverskrar alþýðu gegn kúgun borgaraafla og nýlenduveldanna.<sup>22</sup>

Stuðningshlutverk Bandaríkjanna við stjórn Chiang Kai-shek í baráttunni við kommúnista var sumum íslenskum sósíalístum hugleikið. Magnús Torfi Ólafsson blaðamaður vék að því í hluta pistlaraðar sinnar, „Auðvaldið á heljarþröm“. Þar hélt hann því fram að erfitt yrði fyrir Bandaríkin að sætta sig við tap þjóðernisstjórnarinnar. Ástæðan væri sú að sigur hennar á kommúnistum hefði þýtt ákveðna forréttindastöðu gagnvart auðlindum, mörkuðum og landsvæðum fyrir herstöðvar á landamærum Kína og Sovétríkjanna. Sverrir Kristjánsson deildi þessu viðhorfi með Magnúsi.<sup>23</sup> Fastasæti Kína í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna var annað vandamál sem Bandaríkjamenn þurftu að takast á við. Magnúsi þótti líklegt að viðurkenning á hinni nýju stjórn kommúnista í Pekín yrði dregin á langinn eins og mögulegt væri.<sup>24</sup> Sverrir Kristjánsson ritaði nokkra pistla um sama mál. Hægt er að taka saman andúð hans á ítökum Bandaríkjanna í borgarastyrjöldinni í Kína með einni tilvitnun:

<sup>21</sup> Kristinn E. Andrésson, *Byr undir vængjum*, bls. 55; Sverrir Kristjánsson, *Bókin um Kína*, bls. 42–44; Magnús Kjartansson, *Bak við bambustjaldið*, bls. 21; Þóra Vigfúsdóttir, „Frelshreyfing kvenna í Kína“, *Melkorka* VI:1, bls. 13.

<sup>22</sup> Sverrir Kristjánsson, „Byltingarhreyfingin í Kína“, *Réttur* XV:3, bls. 283.

<sup>23</sup> Sverrir Kristjánsson, *Bókin um Kína*, bls. 89.

<sup>24</sup> *Þjóðviljinn* 1. desember 1949.

„Karl Marx sagði svo fyrir hundrað árum, að Bretland hefði drepið allar þjóðfélagsbyltingar meginlandsins í móðurkviði. Eftir síðustu heimstyrjöld var þessi gamli barnamorðingi félagslegra byltinga svo farinn að kröftum og elli, að hann fékk ekki lengur gegnt Heródesarhlutverki sínu. Þá tóku Bandaríkin við embætti böðulsins“.<sup>25</sup>

Fyrsta blað *Þjóðviljans* til að minnast á hið nýstofnaða Alþýðulýðveldi Kína kom út 5. október 1949, eða fjórum dögum eftir að Mao formaður lýsti því yfir að „frelstríðið hefði verið unnið“.<sup>26</sup> Ástæða þessarar seinkunar var verkfall prentara sem lamaði blaðaútgáfu landsins í þrjá daga. Blaðið hélt sínu striki og hélt áfram að greina frá hverjum sigri kommúnista á fætur öðrum gegn þjóðernissinum, líkt og það hafði gert fyrir 1. október. Næstu mánuðina fór að bera á fagnaðartóni í greinum blaðsins. Þar var m.a. rætt um að heimsöguleg þýðing þessa atburðar yrði „trauðla ofmetin“<sup>27</sup> og að „[s]tórkostlegustu og orlgararikustu atburðir mannkynsins, sem sagan getur um,“ væru að gerast í Kína „fyrir sjónum milljónanna.“<sup>28</sup> Þetta var aðeins upphafið að baráttu Kínverja fyrir viðurkenningu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En þegar stjórn Chiang Kai-shek flúði til Taívan eftir sigur kommúnista á meginlandinu, þá tók hann sæti Kína innan samtakanna með sér.

Rúmlega ári eftir að Kóreustríðinu „lauk“ árið 1953 með þrátefli í kringum 38. breiddargráðuna brutust út fyrstu átökin í Taívansundi. Hún hófst er stjórn Chiang Kai-shek sendi tugþúsundir hermanna til Kinmen- og Matsueyja undir ströndum meginlandsins. Kínverjar svöruðu þessari hernaðaraðgerð með loftárásum. Magnús Torfi Ólafsson velti fyrir sér hvort Bandaríkjamenn myndu einir síns liðs koma Chiang Kai-shek til hjálpar í því sem hann kallaði síðustu orrustu kínversku borgarastyrjaldarinnar. Að halda tryggð við þann glataða málstað að þjóðernisstjórn Chiang Kai-shek gæti tekið aftur yfir meginland Kína var að dómi Magnúsar fullkomlega galin hugmynd. Hann benti á að þótt ástandið væri ekki ákjósanlegt, þá væri ólíklegt að til raunverulega átaka kæmi á milli Kínverja og Bandaríkjamanna. Enda höfðu hinir síðarnefndu ekki nægan stuðning annarra Vesturvelda til að eiga í slíkum hernaði og því stæði ekki mikið á milli þess að kommúnistar gætu loks bundið enda á borgarastyrjöldina fyrir fullt og allt og tekið Taívan.<sup>29</sup>

Í febrúar 1955 birtist í *Þjóðviljanum* tveggja síðna þýdd grein úr opinbera alþýðudagblaði Kína, *Renmin Ribao*, undir heitinu „Taívan er kínversk“. Ekki var lagt út frá

<sup>25</sup> Sverrir Kristjánsson, *Bókin um Kína*, bls. 105-106.

<sup>26</sup> Vef. *People's Daily*, „Proclamation of the Central People's Government of the PRC“, 2. október 1949.

<sup>27</sup> *Þjóðviljinn* 1. desember 1949.

<sup>28</sup> *Þjóðviljinn* 15. febrúar 1950.

<sup>29</sup> *Þjóðviljinn* 9. september 1954.

greininni með öðrum pólitískum hætti, en ljóst er að hún endurspegladi skoðanir ritstjórnar *Þjóðviljans*. Í greininni er fullyrt að inngrip Bandaríkjanna muni hafa þær afleiðingar að ný heimstýrjöld breiðist út og að allt tal þeirra „um „varnir“, „öryggi“ [og] „kommúníska árásarhættu“ [...] er fengið í láni frá Hitler og er ætlað að dylja hið rétta eðli amerískrar hernaðarstefnu“.<sup>30</sup> Þessu nýjasta útspili Bandaríkjanna er líkt við stefnu Japana gagnvart Kína í seinni heimstýrjöldinni þar sem Sameinuðu þjóðunum var beitt til að snúa út úr og brjóta gerða samninga. Stuðningur Bandaríkjanna við Chiang Kai-shek var að mati Pekíngstjórnarinnar helsta hindrunin í átt að friði í Austur-Asíu og þ.a.l. – í ljósi þeirra átaka sem geisðu milli austurs og vesturs – í heiminum öllum. Orðræða greinarinnar varð viðtekin á síðum *Þjóðviljans* allt fram til ársins 1958 í það minnsta.<sup>31</sup> Hannes Sigfússon skáld sagði afstöðu Bandaríkjanna til Taívan-deilunnar líkjast ofbeldi og að ríkisstjórn Íslands lægi undir grun að styðja það með áframhaldandi hjásetu í atkvæðagreiðslu í Sameinuðu þjóðanna um viðurkenningu á Pekíngstjórninni þar.<sup>32</sup> Einnig er vert að benda á orð Brynjólfs Bjarnasonar, þingmanns Sósíalístaflokksins, á Alþingi í desember 1954 í þessu samhengi: „[V]arla líður [sá] dagur, að Bandaríkin ógni ekki Kína með stýrjöld. Stýrjöld við Kína hlýtur að leiða til heimsstyrjaldar“.<sup>33</sup>

Eftir byltinguna í Kína leið ekki að löngu þar til íslenskir sósíalistar fóru að krefjast þess að Ísland viðurkenndi hina nýju Pekíngstjórn sem hina einu réttu ríkisstjórn landsins.<sup>34</sup> En aðrar Norðurlandþjóðir höfðu allar gert það fyrir lok árs 1950. Einar Olgeirsson og Finnbogi Rútur Valdimarsson, þingmenn Sósíalístaflokksins, báru fram þingsályktunartillögu í janúar 1951, þar sem m.a. var krafist þess að ríkisstjórnin – sem á þeim tíma var samsteypastjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti Steingríms Steinþórssonar – fylgdi frændþjóðum sínum að málum og viðurkenndi alþýðustjórnina í Kína.<sup>35</sup>

Á meðan kosningabandalag Sósíalístaflokksins og vinstrimanna úr Alþýðuflokknum sátu í ríkisstjórn undir formerkjum Alþýðubandalagsins á árunum 1956–58 breyttist afstaða Íslands gagnvart Kína í Sameinuðu þjóðunum. Horfið var frá andstöðu gegn Pekíngstjórninni, en lýst var yfir hlutleysi í málinu. Valdimar Unnar Valdimarsson stjórn málafræðingur taldi að með stefnubreytingu hefðu íslensk stjórnvöld verið að lýsa yfir

<sup>30</sup> *Þjóðviljinn* 18. febrúar 1955.

<sup>31</sup> *Þjóðviljinn* 26. september 1958.

<sup>32</sup> Hannes Sigfússon, „Saga vestrænnar íhlutunar í Kína“ 2. hluti, *Tímarit Máls og menningar* XXIII:3, bls. 183.

<sup>33</sup> Brynjólfur Bjarnason, *Með storminn í fangið* 2. bindi, bls. 40.

<sup>34</sup> *Þjóðviljinn* 20. janúar; *Þjóðviljinn* 26. júlí 1950.

<sup>35</sup> *Vef. Alþingi*, „Friðar- og sáttartilraunir á alþjóða-vettvangi“, 159. mál, þingsályktunartillaga, 70. löggjafarþing 1950–1951.

óánægju með stuðningsleysi Atlantshafsbandalagsins í landhelgisdeilunni við Breta.<sup>36</sup> Helsta forsendan fyrir þátttöku Alþýðubandalagsins í ríkisstjórn árið 1956 var uppsögn varnarsamningsins sem gerður var við Bandaríkin árið 1951. Eftir vopnavald Sovétmanna í Ungverjalandi og viðræður við Bandaríkjastjórn, sem bauðst til að veita vinstri stjórninni stórlán gegn því að Bandaríkjaher yrði áfram á Íslandi, ákváðu Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn að hverfa frá stefnu ríkisstjórnarinnar í hermálinu. Af þessu má ætla að stefnubreyting í viðurkenningu Íslands á Pekíng-stjórninni gegn vilja Bandaríkjanna hafi verið ólíkleg. Vinstri stjórnin gerði a.m.k. ekkert sem ýtti undir kröfur Pekíng-stjórnarinnar um að taka við sæti Kína í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Einar Olgeirsson átti eftir að bera upp aðra þingsályktunartillögu árið 1964 í tilefni af 15 ára afmæli Alþýðulýðveldisins þar sem hann hvatti stjórnvöld að viðurkenna Pekíng-stjórnina. Þar benti hann á að Ísland hefði á árunum frá 1949 átt í samskiptum við stjórnina í Pekíng, ólíkt stjórninni á Taívan, og því væri tími kominn til að viðurkenna hana og skiptast á diplómátskum fulltrúum.<sup>37</sup> Slík krafa kom hins vegar ekki frá fulltrúum annarra flokka, þótt Hannibal Valdimarsson, formaður Alþýðuflokksins 1952–1954, og ritstjóri *Alþýðublaðsins* hefði tekið undir hana í leiðara blaðsins í maí 1954.<sup>38</sup> Áskoranir um að að viðurkenna Pekíng-stjórnina komu ekki aðeins fram vegna af hugmyndafræðilegrar samúðar, heldur mátti einnig rekja þau til útflutningstækifæra, sem talin voru henni samfara.<sup>39</sup> Ekki var þeim þó að ósk sinni, enda viðurkenndu íslensk stjórnvöld ekki Alþýðveldið fyrr en árið 1971. Þá höfðu átt sér stað umskipti í alþjóðamálum sem leiddu til þess að kommúnistastjórnin í Kína fékk sæti Taívan hjá Sameinuðu þjóðunum.

Greinilegt er að þann tíma sem kínverskir kommúnistar voru að berjast gegn þjóðernissinum undir stjórn Chiang Kai-shek áratugina fyrir stofnun Alþýðulýðveldisins stóðu íslenskir sósíalistar með hugsjónabræðrum sínum í Kína og fylgdust með af miklum áhuga. Þá var gagnrýni þeirra þó ekki ávallt bundin við stéttabaráttu og innanríkismál tengd henni. Hún beindist einnig gegn nýlenduvelgunum á árunum fyrir seinni heimstyrjöld, sem höfðu enn mikil ítök í landinu, þá sérstaklega Bretland, Þýskaland og Sovétríkin – þótt Sovétmenn hefðu verið undanþegnir..

Vináttan sem einkenndi opinber samskipti Sovétmanna og Kínverja á fyrri hluta 6. áratugarins (og áfram út áratuginn), mótaði einnig viðhorf íslenskra sósíalista og kemur lítið á

<sup>36</sup> Valdimar Unnar Valdimarsson, „Alþýðulýðveldið og Ísland“, *Ný saga* II:1, bls. 113.

<sup>37</sup> Vef. Alþingi, „Skipti á diplómátskum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið“, 136. mál, þingsályktunartillaga, 84. löggjafarþing 1963–1964.

<sup>38</sup> *Alþýðublaðið* 6. maí 1954.

<sup>39</sup> *Þjóðviljinn* 26. september 1958.

óvart að þeir hafi stutt málstað Kommúnistaflokks Kína í deilunni við þjóðernisstjórn Chiang Kai-shek í Taívan. Þar skipti einnig máli barátta þeirra gegn utanríkisstefnu Bandaríkjanna í kalda stríðinu. Skáldið Jóhannes úr Kötlum orti í ljóði eftir ferð til Kína árið 1952 að munurinn á hinu nýja kommúníska austri og vestrinu væri sá að friðurinn er aðeins í augskýningu hjá hinu fyrrnefnda.<sup>40</sup>

### **Áhrif deilu Sovétmanna og Kínverja á íslenska vinstri hreyfingu**

Deila Sovétmanna og Kínverja hafði mikil áhrif á hina alþjóðlegu kommúnistahreyfingu á dögum kalda stríðsins. Forystuhlutverk Sovétmanna sem leiðandi afls í þróun sósíalísmans í heiminum hafði aldrei áður verið dregið í efa. Ágreiningurinn fólst helst í þeirri afstöðu Sovétmanna að eiga í „friðsamlegri sambúð“ við Bandaríkin (og hinn kapítalíska heim almennt). Við það gat Mao formaður og Kínverski kommúnistaflokkurinn ekki sætt sig, sérstaklega í ljósi stefnu Bandaríkjastjórnar gagnvart Taívan. Kínverski kommúnistaflokkurinn túlkaði framferði Sovétmanna sem svik við kenningar Leníns um hinn óumflýjanlega árekstur milli sósíalísmans og kapítalísmans. Endurskoðunarhyggja Sovéska kommúnistaflokksins í garð Stalíns eftir „leyniræðu“ Krústsjovs árið 1956 hafði einnig grafið undan valdi Mao og þeirri stalínísku stefnu sem hann aðhylltist, m.a. í landbúnaðarmálum.<sup>41</sup> Það var þó ekki fyrr en á ráðstefnu kommúnistaflokka í Búkarest árið 1960 sem deilan varð opinber eftir að fulltrúar sovéska flokksins sem og flestra annarra kommúnistaflokka deildu hart á stefnu Kínverja gagnvart Sovétríkjunum.

Einar Olgeirsson, formaður Sósíalístaflökksins, var staddur á ráðstefnunni í Búkarest og varð því vitni að þessum harða ágreiningi.<sup>42</sup> Allar sendinefndir á fundinum, fyrir utan þær sem komu frá Albaníu, Norður-Víetnam og Norður-Kóreu, tóku undir með Sovéska kommúnistaflokknum í gagnrýni sinni á kínverska bræðraflokkinn.<sup>43</sup> Því var engin furða að bent hefði verið á það á fundi Sósíalístafélags Reykjavíkur árið 1968 að erlend blöð túlkuðu veru Einars á ráðstefnunni sem stuðning við sovéska flokkinn.<sup>44</sup> *Þjóðviljinn* birti stutta grein degi eftir ráðstefnuna, þar sem því var haldið fram að mikil samstaða hefði myndast á fundinum um stefnu Sovétríkjanna um „friðsamlega sambúð“ og tekið fram að þau ummæli Leníns um óumflýjanlegt stríð milli hins sósíalíska og hins kapítalíska heims hefði verið sett

<sup>40</sup> Jóhannes úr Kötlum, „Kveðja til Kína“, *Tímarit Máls og menningar* XIII:3, bls. 213–215.

<sup>41</sup> Lüthi, Lorenz M., *The Sino-Soviet Split*, bls. 2

<sup>42</sup> Árni Snævarr, Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 193.

<sup>43</sup> Lüthi, Lorenz M., *The Sino-Soviet Split*, bls. 170–171.

<sup>44</sup> Árni Snævarr, Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 193–194.

fram við sögulegar aðstæður sem ættu ekki við í dag.<sup>45</sup> Ekki er að sjá að Einari Olgeirssyni hafi þótt eitthvað athugasvert við þennan fréttáflutning í ljósi ráðstefnunnar í Búkarest.

Deila Sovétmanna og Kínverja hélt áfram næstu ár. Þær náðu hámarki eftir Kúbudeiluna og landamærastríð Kína og Indlands haustið 1962, þar sem Sovétmenn studdu Indverja. Stuttu síðar ákváðu Kínverja að bjóða Sovétmönnum birginn með því að gera tilkall til leiðtogahlutverks í hinni alþjóðahreyfingu kommúnista sem leiddi til endanlegs klofnings hennar. Deilan hafði talsverð áhrif á afstöðu íslenskra sósíalista, þótt Sósíalistaflokkurinn tæki ekki formlega afstöðu til hennar.<sup>46</sup> Það stöðvaði þó ekki einstaka flokksmenn í að taka persónubundna afstöðu til ágreiningsins og studdu sumir málstað Kínverja. Til að setja þessa þróun mála í samhengi þarf að líta nokkur ár til baka.

Áður en deila kommúnistaflokka Sovétríkjanna og Kína varð opinber er ekki mikið að finna í skrifum íslenskra sósíalista sem bendir til þess að þeir hafi verið meðvitaðir um það mikla ósætti sem einkenndi samskipti flokkanna. Þó er hægt að benda á eitt tilvik, en í júní 1957 ritaði Brynjólfur Bjarnason, miðstjórnarmaður í Sósíalistaflokknum, athugasemd í *Þjóðviljann* við grein Magnúsar Torfa Ólafssonar blaðamanns í sama blaði fimm dögum fyrr. Í grein sinni hafði Magnús fjallað um nýja stefnu Mao um að leyfa gagnrýni á stjórn kommúnista í landinu undir heitinu „hundrað blóma hreyfingin“. Í því samhengi færði Magnús Torfi rök fyrir því að stefnan væri að einhverju leyti viðbragð (og þ.a.l. gagnrýni) við innrás Sovétríkjanna í Ungverjaland í nóvember árið áður.<sup>47</sup> Brynjólfur taldi kenningu Magnúsar Torfa úr lausu lofti gripna og vitnaði máli sínu til stuðnings til dagblaðsins *Renmin Ribao* – mál gagns kommúnistaflokks Kína – þar sem lýst var yfir velpóknun á íhlutun Sovétríkjanna í Ungverjalandi til að kveða niður „andbyltingaröfl“.<sup>48</sup> Tenging Magnúsar á við rök að styðjast,<sup>49</sup> þótt fátt bendi til þess að þeir Brynjólfur hafi vitað það með vissu.

Heimildir Magnúsar Torfa voru fengnar úr yfirlýsingu pólska kommúnistaflokksins sem send var til *New York Times*, en tilgangur hennar var að styðja við meinta frjálslyndistefnu kínverskra kommúnista með „hundrað blóma hreyfingunni“. Stuttu eftir að hreyfingin fór af stað greip um sig mikill ótti meðal kommúnista, þar sem margir töldu að gagnrýnin gæti leitt til andsósíalískrar gagnbyltingar í Kína. Því var ráðist í „herferðina gegn hægrimönnum“ (e. *Anti-rightist campaign*) og rúmlega hálf milljón manna sætti í kjölfarið

<sup>45</sup> *Þjóðviljinn* 23. júní 1960.

<sup>46</sup> *Lbs.* 214 NF, fundagerðabók Sósíalistafélag Reykjavík, 27. febrúar 1968.

<sup>47</sup> *Þjóðviljinn* 15. júní 1957.

<sup>48</sup> *Þjóðviljinn* 20. júní 1957.

<sup>49</sup>



pólítískum ofsóknum. Margt bendir til þess að með „hundrað blóma hreyfingunni“ hafi Mao m.a. viljað bregðast við innrásinni í Ungverjaland. En sú kenning Magnúsar Torfa að stefna Mao hafi átt að styðja við uppreisnarhópa þar í landi er ósennileg. Hugmyndin var sú að uppbyggileg gagnrýni (sem rótaði ekki í undirstöðum kerfisins) ætti að koma í veg fyrir að gagnbyltingarsinnar gætu notfært sér óánægju fjöldans – en Mao taldi að það hefði verið ein af orsökum uppreisnarinnar í Ungverjalandi.<sup>50</sup>

Eftir „leyniræðu“ Krústsjovs um valdatíð Stalín, en hún var birt undir heitinu „Af persónudýrkun og afleiðingum hennar“, í febrúar 1956 ritaði Brynjólfur Bjarnason grein þar sem hann fór yfir stöðu mála. Brynjólfur tók þá afstöðu að fordæming Krústsjovs á Stalín og gjörðum hans hefði verið óvægin og að margt það sem miður fór undir stjórn hans mætti um kenna „sögulegum erfðum hins gamla Rússlands“<sup>51</sup> og þeirri miðstjórn sovéska kommúnistaflokksins sem nú væri að fordæma sömu persónudýrkun og hún aðhylltist.<sup>52</sup> Hvergi í grein Brynjólfs kom fram fordæming á téðri persónudýrkun. Þvert á móti fór Brynjólfur mjög lofsamlegum orðum um hinn fallna leiðtoga og sagði að „þegar getið verður færustu manna marxismans, mun nafn Stalíns jafnan vera nefnt“.<sup>53</sup> Hér róaði Brynjólfur á svipuð miðum og Mao formaður, en hann taldi „leyniræðuna“ merki um endurskoðunarhyggju og að „stalínismi væri aðeins marxismi með vanköntum“.<sup>54</sup> Brynjólfur heimsótti Kína árið 1958 og hitti í ferðinni marga stjórnendur kommúna<sup>55</sup> og iðnaðar, en einnig ráðamenn landsins. Jafnframt hélt hann erindi í heimspekideild vísindaakademíunnar í Pekíng.<sup>56</sup> Út frá þessu má ætla að hugsjónir Brynjólfs hafi þegar hér var komið við sögu verið meira í takt við Kínverska kommúnistaflokkinn en þann sovéska.

Einar Olgeirsson tók ekki jafn afgerandi afstöðu og Brynjólfur til „leyniræðunnar“. Hann vék þó að að grunnstefi hennar um persónudýrkun með því að líkja Stalín við Oliver Cromwell og Napóleon og halda því fram að allt vald spillir ef „hið sívirka, lifandi samfélag mannanna“ héldi ekki valdaðilum við efnið. Því var það sem miður fór í valdatíð Stalín ekki einungis honum að kenna. Í kjölfarið bar hann saman nokkra „óspillta“ leiðtoga fortíðar og nútíðar: „Marx og Engels, Lenín og Lincoln, Mao-Tse-Tung og Jón Sigurðsson“,<sup>57</sup> en Einar taldi Mao hafa „[vakið] kínversku þjóðina af þyrnirósusvefni og [vísað] henni veginn fram til

<sup>50</sup> Lüthi, Lorenz M., *The Sino-Soviet Split*, bls. 69–72.

<sup>51</sup> Brynjólfur Bjarnason, „Gelgjuskeið nýrra þjóðfélagshátta“, *Réttur* XL:1–4, bls. 70–73.

<sup>52</sup> Sama heimild, bls. 87.

<sup>53</sup> Sama heimild, bls. 70.

<sup>54</sup> Lüthi, Lorenz M., *The Sino-Soviet Split*, bls. 62–63.

<sup>55</sup> Kommúnuvæðing í sveitum Kína hófst fyrir alvöru sumarið 1958. Kommúnurnar voru risavaxnar framleiðslueiningar sem samanstóðu af mörg þúsund fjölskyldum.

<sup>56</sup> Brynjólfur Bjarnason, „Stökkið mikla“ í Kína“, *Tímarit Máls og menningar* XX:1, bls. 32–41.

<sup>57</sup> Einar Olgeirsson, „Hvert skal stefna?“, *Réttur* XL:1–4, bls. 35–36.

jafnaðar og vaxandi velferðar“.<sup>58</sup> Greinilegt er að þrátt fyrir „leyniræðu“ Krútsjovs voru helstu forkólfar íslenskrar sósíalístahreyfingar ekki reiðubúnir að slíta alla tengingu við arfleið Stalín. Mao var á sama máli og átti sú afstaða eftir að eiga þátt í versnandi samskiptum Kína við Sovétríkin næstu ár.

Eins og áður var sagt tók Sósíalístaflokkurinn þá ákvörðun að standa fyrir utan deilur innan hinnar alþjóðlegu kommúnístahreyfingar. Vitað er að deila Stalín og Tító undir lok 5. áratugarins var umdeild innan flokksins þó að *Þjóðviljinn* hefði aldrei stutt Sovétríkin með beinum hætti. Í viðtali árið 1991 sagði Árni Bergmann, ritstjóri *Þjóðviljans*, frá því að Magnúsi Kjartanssyni, ritstjóra *Þjóðviljans*, hefði borist mikið af bréfum frá félögum Sósíalístaflokksins sem kröfðust þess blaðið tæki skýra afstöðu með Sovétríkjunum.<sup>59</sup> *Þjóðviljinn* og *Nýr tími* stóðu í varnarstöðu gagnvart ásökunum *Morgunblaðsins*, sem vildi fá að vita hvar helstu leiðtogar Sósíalístaflokksins stæðu í deilunni.<sup>60</sup> Þeir komu þó ekki fram, en má ætla að ögrun *Morgunblaðsins* hafi haft áhrif á fyrrnefnd bréfaskrif. Svipað var upp á teningnum árið 1963 og vildu *Morgunblaðsmenn* vita hvar íslenskir sósíalístar stóðu í deilu Kínverja og Sovétmanna.

Í blaðinu lét Einar Olgeirssonar hafa það eftir sér að Sósíalístaflokkinn hefði ekki enn tekið opinbera afstöðu í málinu. Þannig bergmálaði hann sín eigin orð í *Þjóðviljanum* eftir 22. flokksþing Sovéska kommúnístaflokksins – það síðasta sem fulltrúar kínverska flokksins sóttu: „Sósíalístaflokkurinn stendur með sósíalísmannum í Sovétríkjunum og í Kína og öðrum ríkjum alþýðunnar, þar með töldum Júgóslavíu og Albaníu, – án tillits til þess hvað þeir menn heita, sem þar hafa forystu á hverjum tíma, eða hvernig þeir líta hver á annan“.<sup>61</sup> Einar kvað þó líklegt að einhverjir menn styddu málstað Kínverja, þótt engin skipulögð hreyfing þess eðlis hefði verið stofnuð. Einar viðurkenndi því óbeinum orðum að hér væri um að ræða deiluefni, þar sem sumir menn skipuðu sér í fylkingar með eða á móti. Þannig mætti taka undir með Árna Snævarri sagnfræðingi og ætla að með afstöðuleysinu í deilunni væri komið í veg fyrir átök innan Sósíalístaflokksins.<sup>62</sup>

Í þeim tilgangi að reyna afhjúpa ákveðna einstaklinga sem „Pekíng-liða“ var í grein *Morgunblaðsins* vakin athygli á því að útgáfunni Heimskringlu hefði legið mikið á að gefa út þýðingu á gagnrýni kínverska kommúnístaflokksins í garð Sovétríkjanna. Í ritinu settu Kínverjar fram nýja stefnu gagnvart alþjóðahreyfingu kommúnísmans og flokkuðu stefnu

<sup>58</sup> Einar Olgeirsson, „Harmleikur í Kína“, *Réttur* LXII:4, bls. bls. 4.

<sup>59</sup> Árni Snævarr, Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 116–117.

<sup>60</sup> *Þjóðviljinn* 30. september 1949; *Þjóðviljinn* 24. nóvember 1949; *Nýr tími* 10. nóvember 1949.

<sup>61</sup> *Þjóðviljinn* 31. desember 1961.

<sup>62</sup> Árni Snævarr, Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 196.

Sovétríkjana sem endurskoðunarhyggju.<sup>63</sup> *Morgunblaðið* taldi þetta sönnun þess að útgefendurnir tækju undir með stefnu kínverskra stjórnvalda.<sup>64</sup> Þótt það sé rétt gaf Heimskringla einnig út eitt svarbréfa Sovéska kommúnistaflokksins,<sup>65</sup> sem kom út tveimur dögum eftir að grein *Morgunblaðsins* var birt.

Framkvæmdarstjóri Heimskringlu á þessum árum var Kristinn E. Andrésson, og undir honum starfaði Magnús Torfi Ólafsson blaðamaður. Heimskringla gaf reglulega út þýðingar á bæklingum undir heitinu „Fréttatilkynning frá Sendiráði kínverska lýðveldisins í Danmörku“ á árunum 1959–1967. Þar voru birtir pistlar háttsettra einstaklinga innan Kommúnistaflokks Kína um hin ýmsu málefni og var deila Sovétmanna og Kínverja þar engin undantekning.<sup>66</sup> Áður en ágreiningurinn í hinni kommúnísku alþjóðahreyfingu kom upp á yfirborðið hafði Heimskringla einnig birt þýðingar á ritum eftir kínverska höfunda sem aðhylltust kommúnisma eða voru sjálfir félagar í Kínverska kommúnistaflokknum.<sup>67</sup> En þvert á getgátur um einhliða áróður gaf forlagið einnig út þýðingu á stefnuskrá Kommúnistaflokks Sovétríkjana árið 1961.<sup>68</sup> Þó benti Arnór Hannibalsson heimspekingur á að 50.000 kr. styrkur hefði fengist frá Kommúnistaflokki Sovétríkjana fyrir útgáfu ritsins í 2000 eintökum.<sup>69</sup> Hugsanlegt er því að útgáfa á sovésku efni hafi almennt verið bundið fjárstyrkjum frá Moskvu. Það segir þó ekki endilega neitt um afstöðu forsvarsmanna Heimskringlu. Enda má leiða líkur að því að sendiráð Kína í Kaupmannahöfn hafi staðið straum af kostnaði á efni Kínverska kommúnistaflokksins, þar sem það var í raun útgefandinn og Heimskringla aðeins útgefandi íslensku þýðingarinnar.

Í grein *Morgunblaðsins* lá Kristinn þó einna helst undir grun um að vera fylgismaður Kína í deilunni. Málflutningi sínum til stuðnings benti *Morgunblaðið* á brotthvarf hans úr miðstjórn Sósíalistaflokksins á þingi hans í nóvember 1962. Flokkurinn hafði á þessum tíma nýlega gengið gegnum endurnýjun, þar sem yngri kynslóð íslenskra sósíalista hafði tekið mörg af sætum miðstjórnar hans. Í þessum hópi voru einkum fyrrverandi námsmenn sem

---

<sup>63</sup> *Sameinumst á grundvelli Moskvuyfirlýsingarinnar og Moskvusamþykktarinnar.*

<sup>64</sup> *Morgunblaðið* 12. júlí 1963.

<sup>65</sup> *Opið bréf miðstjórnar Kommúnistaflokks Sovétríkjana til flokksdeilda og allra kommúnista í Sovétríkjunum.*

<sup>66</sup> Hér mætti nefna pistla sem bera eftirfarandi heiti: *Glæsilegur árangur af baráttu Kína fyrir friðsamlegri sambúð, Ræða Sjá Enlæ í móttöku sovézka sendiherrans, Spegill handa endurskoðunarsinum og Sjö bréf sem farið hafa á milli miðstjórna Kommúnistaflokks Kína og Kommúnistaflokks Sovétríkjana.*

<sup>67</sup> Þ.á.m. smásagnasafn undir heitinu *Flæðilandíð mikla* eftir Shen Dehong (höfundarnafn Mao Dun), sem var menningarmálaráðherra Kína á árunum 1949–1965. Ritið kom út í íslenskri þýðingu Hannesar Sigfússonar árið 1958 með formála eftir Jakob Benediktsson formann Kínversk-íslenska menningarfélagsins.

<sup>68</sup> *Stefnuskrá Kommúnistaflokks Sovétríkjana.*

<sup>69</sup> Arnór Hannibalsson, *Moskvulínan*, bls. 165.

höfðu stundað nám í austantjaldsríkjunum, hinir svokölluðu SÍA-menn.<sup>70</sup> Að dómi *Morgunblaðsins* voru þeir líklega allir stuðningsmenn Krústsjovs og Sovétríkjanna gagnvart Kína og því hafi Kristni verið bolað burt úr miðstjórninni.

Eftir „leyniræðu“ Krústsjovs og þeirri sundrunu sem hún olli innan alþjóðahreyfingu kommúnista ræddu SÍA-menn sín á milli að Sósíalístaflokkurinn ætti að taka skýra afstöðu í alþjóðlegum deilumálum. Í því samhengi var bent á Albaníu,<sup>71</sup> en kommúnístaflokkur landsins var sá eini í Evrópu sem tók opinberlega afstöðu með Kínverjum. Ein ástæða þess var óánægja Enver Hoxha, leiðtoga Albanska verkamannaflokksins, með „leyniræðuna,“ enda leit hann svo á að gagnrýni á Stalín græfi undan valdastöðu sinni.<sup>72</sup> Að því varðar umræður SÍA-manna má ganga út frá því að með því að vísa til Albaníu hafi þeir í raun verið með Kína í huga. Það var kunnuglegt stef á þessum árum að með gagnrýni á Albana væri verið að koma höggi á Kínverja. Sömuleiðis var gagnrýni á Júgóslavíu leið Kínverja til að koma óbeint höggi á Sovétríkin.

SÍA-menn tóku mjög neikvæða afstöðu til allrar persónudýrkunar á fundi DDR-deildar félagsins árið 1961<sup>73</sup> og var greinilega átt við Stalín, Mao og Hoxha. Út frá því má vel vera að *Morgunblaðið* hafi haft rétt fyrir sér um að SÍA-menn hefðu verið hallir undir málstað Sovétríkjanna. Það segir þó ekkert um ástæðu þess að Kristinn hélt ekki stöðu sinni innan miðstjórnar Sósíalístaflokksins. SÍA-mönnum var nær útrýmt úr miðstjórn Sósíalístaflokksins á flokksþingi hans haustið 1964 og við tóku m.a. Brynjólfur Bjarnason og eldri flokksfélagar hliðhollir honum.<sup>74</sup> Þá komst *Frjáls þjóð*, mál gagn Þjóðvarnaflokksins, svo að orði: „Við miðstjórnarkjörið var [hún] hreinsuð af einingarmönnum og Homo pekingensis sett í stað inn.“<sup>75</sup> Þannig tók *Frjáls þjóð* í sama streng og *Morgunblaðið*, sem taldi það óumdeilanlegt að Brynjólfur væri á línu Kínverja í ljósi afstöðu hans til „leyniræðu“ Krústsjovs.<sup>76</sup> Átti sú skoðun við rök að styðjast, enda hafði Brynjólfur unnið að þýðingum á ýmsum ritsmíðum Mao formanns og átti síðar eftir að þýða sjálft *Rauða kverið*.<sup>77</sup> Augljóst var að Brynjólfi þótti mikið til Mao koma, en það ekki þar með sagt að sú afstaða hafi beinst gegn Sovétríkjunum.

<sup>70</sup> SÍA stóð fyrir Sósíalístafélag Íslendinga austantjalds. Þeir SÍA-menn sem tóku sæti í miðstjórn Sósíalístaflokksins árið 1962 voru m.a. Björgvin Salómonsson, Finnur Torfi Hjörleifsson og Hjalti Kristgeirsson.

<sup>71</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), fundagerð aðalfundar DDR-deildar SÍA, 29. og 30. desember 1961.

<sup>72</sup> Lüthi, Lorenz M., *The Sino-Soviet Split*, bls. 201.

<sup>73</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), fundagerð aðalfundar DDR-deildar SÍA, 29. og 30. desember 1961.

<sup>74</sup> *Þjóðviljinn* 24. nóvember 1964.

<sup>75</sup> *Frjáls þjóð* 24. nóvember 1964. Með „Homo pekingensis“ átti blaðið við menn hliðhollir Peking-línunni.

<sup>76</sup> *Morgunblaðið* 27. nóvember 1964.

<sup>77</sup> Sjá Mao Tse-Tung, *Ritgerðir* 1. bindi, Þýð.: Ásgeir Bl. Magnússon, Brynjólfur Bjarnason, Gísli Ásmundsson; Mao Tse-Tung, *Ritgerðir* 2. bindi, Þýð.: Brynjólfur Bjarnason; Mao Tse-Tung, *Ritgerðir* 3. bindi, Þýð.: Brynjólfur Bjarnason; Mao Tse-Tung, *Rauða kverið*, Þýð.: Brynjólfur Bjarnason; Mao Tse-Tung, *Kaflar úr ritum*, Þýð.: Brynjólfur Bjarnason.

Í greiningu *Morgunblaðsins* á afstöðu Kristins E. Andréssonar til deilu Kína og Sovétríkjanna var ferðabók hans *Byr undir vængjum* frá árinu 1959 einnig nefnd sem dæmi um stuðning hans við Pekín, en í bókinni fór Kristinn mjög lofsamlegum orðum um framkvæmd kommúnismans í Kína.<sup>78</sup> Þetta voru þó ekki sannfærandi rök í ljósi þess að opinberlega töluðu Sovétríkin og Kína enn hlýlega til hvors annars allt til ársins 1960. Kristinn var því ekki að taka afstöðu gegn Sovétríkjunum með því að dásama hið nýja kínverska stjórnarfyriřkomulag. En það er rétt að þau forlög sem Kristinn E. Andrésson var viđriđinn voru á því að mikilvægt væri að birta hlið Kínverja. Kristinn – líkt og margir aðrir sósíalistar af gömlu kynslóđinni – vildi í fyrstu halda tryggðinni við Sovétríkin framan af og blanda afstöđu sína kenningum Mao formanns. Það var þó nær ógerlegt þegar leið á deiluna milli Kínverja og Sovétmanna. Þannig varð deilan ein af orsökum þess að ekki var hægt að stofna nýjan flokk upp úr Sósíalístafélagi Reykjavíkur eftir að Sósíalístaflokkurinn var lagður niður árið 1968.<sup>79</sup> Sósíalístafélag Reykjavíkur var síðasta vígi gömlu kynslóđar byltingarsinnaðra sósíalista, en það var klofið í afstöđu sinni til ágreiningsins.

Um afstöđu Magnúsar Torfa Ólafssonar voru Morgunblaðsmenn í engum vafa. Í fréttaskýringu hans í *Þjóđviljanum* hafði Magnús sakað Krústsjov um að „stinga hausnum í sandinn“ fyrir að neita að birta gagnrýni Kínverja í blöđum Sovéska kommúnistaflokksins, líkt og Kínverjar gerđu með sovéska gagnrýni í garð þeirra.<sup>80</sup> Fullyrt var í *Morgunblađinu* að afstađa Magnúsar kæmi skýrt fram greininni, en í raun lýsir hann deilunni á almennari hátt, þótt hann leggi áherslu á gagnrýni Kínverja. Út frá þeirri stađreynd einni saman má vel ætla að Magnús vildi að rödd Kínverja gagnvart Sovétríkjunum fengi að heyrast. Enda fer ekki á milli mála að hann taldi Sovétmenn vera á villigötum meðan þeir létu gagnrýni Kínverja sem vind um eyrun þjóta. Sú fullyrđing *Morgunblaðsins* að Magnús hafi verið fullkomlega sömu skoðunar og Kínverjar er langsótt. Aftur á móti hefði hann líklega ekki ritað þessa grein ef hann hefði verið sáttur við harđlínustefnu Sovétmanna. Eftir úttekt *Morgunblaðsins* hélt Heimskringla áfram að gefa út rit um stefnu Kínverska kommúnistaflokksins,<sup>81</sup> en gætti þess að einnig að birta sams konar efni um sovéska flokkinn.

Árið 1963 var haft eftir Einari Olgeirssyni í einkasamtali að skipta mætti íslenskum sósíalístum í fimm aðgreindar fylkingar. Einar setti sjálfan sig í hóp hinna svokölluðu

<sup>78</sup> Sjá bók Kristins E. Andréssonar, *Byr undir vængjum*.

<sup>79</sup> Tölvupóstur frá Árna Bergmann, 31. desember 2015.

<sup>80</sup> *Þjóđviljinn* 6. júlí 1963.

<sup>81</sup> Sjá *Boðskapur Sjá Enlæ forsætisráðherra til þjóđhöfđingja ríkja Asíu og Afríku*; Liu Shaoqi, *Hvernig verđa menn góđir kommúnistar?*

„centrista“, eða þeirra sem vildu halda einingu innan Sósíalístaflokksins, en þar voru einnig Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson og Snorri Jónsson. Þá var stjórn Sósíalístafélags Reykjavíkur, þ.á.m. Brynjólfur Bjarnason, fylking sem var á móti samvinnu við sósíaldemókrata í því formi sem hún hafði verið rekin síðustu ár. Í þriðju fylkingunni og þeirri síðustu sem skiptir máli í þessu samhengi voru þeir Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra, Guðmundur Hjartarson, Guðmundur Vigfússon og Guðmundur J. Guðmundsson, en þeir aðhylltust stefnu sem Einar kallaði „próvínsjálisma“, en Brynjólfur taldi vera „revisjónisma“.<sup>82</sup> Með því átti hann við fráhrarfrá línu Sovétríkjanna eftir „leyniræðu“ Krústsjovs og innrásina í Ungverjaland árið 1956 ásamt stuðningi Lúðvíks við frekari samvinnu Sósíalístaflokksins við Alþýðubandalagið. Brynjólfur taldi Alþýðubandalagið vera orðið of sósíaldemókratískt, sem útskýrði m.a. orsökina fyrir slæmu gengi þess í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík árið 1958.<sup>83</sup> Með „próvínsjálisma“ var Einar að tala um meinta þröngsýni Lúðvíks og félaga.<sup>84</sup> Arnór Hannibalsson fjallaði sérstaklega um þessar fylkingar og afstöðu þeirra til deilu Kínverja og Sovétmanna í bók sinni *Kommúnismi og vinstri hreyfing* sem kom út árið 1954. Þar fullyrta hann að Brynjólfur og fylgismenn hans væru farnir að hallast mjög að Pekíng-línunni á meðan Einar og aðrir „centristar“ héldu áfram hollustunni við kommúnistastjórnina í Moskvu. Fylking Lúðvíks Jósepssonar var hins vegar að dómi Arnórs alveg á móti því að taka afstöðu til deilu Sovétríkjanna eða Kína eða til sósíalismans austantjalds almennt.<sup>85</sup> Afstaða Einars Olgeirssonar var sögð ráðast af djúpstæðum tengslum hans við Moskvu og þeirra fjármagnstengsla sem hann hafði tryggt þar.<sup>86</sup> Þessar ásakanir Arnórs voru ekki úr lausu lofti gripnar því að Einar var enn reglulegur gestur kommúnistastjórnarinnar í Sovétríkjunum, þar sem hann m.a. vann að opinberum viðskiptatengslum við Ísland.<sup>87</sup>

Afstaða Lúðvíks Jósepssonar í málinu kom hvað best fram þegar hann ritaði ítarlega grein í *Þjóðviljann* í kjölfar gagnrýni sem Sósíalístaflokkurinn hafði fengið á sig eftir fund fulltrúanefndar miðstjórnar flokksins með sovéskum kommúnistum í Moskvu í upphafi september 1964.<sup>88</sup> Með Lúðvík í för voru m.a. Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason. Við þeirri gagnrýni að tilgangur ferðarinnar hafi verið að fá íslenska sósíalista til að taka afstöðu með Sovétríkjunum í deilu þeirra við Kínverja svaraði Lúðvík að ráðamenn í Moskvu vissu

<sup>82</sup> *Rauða bókin – leyniskýrslur SÍA*, bls. 131–132.

<sup>83</sup> Brynjólfur Bjarnason, *Með storminn í fangið 2*. bindi, bls. 166–167.

<sup>84</sup> Upp á enska tungu merkir orðið *provincialism* þröngsýni vegna skorts á upplýsingum.

<sup>85</sup> Arnór Hannibalsson, *Kommúnismi og vinstri hreyfing á Íslandi*, bls. 172–173.

<sup>86</sup> Arnór Hannibalsson, *Moskvullán*, bls. 173–180.

<sup>87</sup> *Lbs*. Aðföng 16. október 2014 (fundagerðabók framkvæmdarnefndar Sósíalístaflokksins), nefndarfundur, 8. september 1964.

<sup>88</sup> *Þjóðviljinn* 10. september 1964.

fullvel að Sósíalístaflokkurinn „[stæði] utan alþjóðlegra pólitískra samtaka og skipti sér ekki af deilum erlendra flokka“.<sup>89</sup> Þessi ummæli koma heim og saman við orð Arnórs Hannibalssonar um hið meinta afstöðuleysi Lúðvíks og hvatningu hans til hlutleysisstefnu innan flokksins í málum sósíalísmans austantjalds.

Í september 1964 fór Magnús Kjartansson, ritstjóri *Þjóðviljans*, til Kína og ritaði um ferðina bókina *Bak við bambustjaldið*. Þar gerði Magnús deilum Kínverja og Sovétríkjanna góð skil sem og afstöðu Kínverja til „friðsamlegrar sambúðar“. Hann tekur skýrt fram að hann viðurkenni þá útbreiddu kenningu um mismunandi leiðir til sósíalísmis og í því samhengi líti hann ekki svo á að Sovétríkin séu hin fullkomna fyrirmynd sem henti öllum ríkjum. Magnús deildi á Sovétríkin fyrir að halda til streitu slíkum einstrengingshætti í alþjóðlegum samþykktum gagnvart kommúnista- og verkalýðsflokkum. Því kom það Magnúsi ekki á óvart að Kínverjar færu sömu leið og Júgóslavía um áratug áður og höfnuðu ofurvaldi Sovétríkjanna yfir þróun alþjóðlegs sósíalísmis.

Gagnrýni Magnúsar var þó ekki einungis bundin við Sovétríkin. Hann gaf einnig í skyn að Kínverjar væru sekir um sömu þráhyggju, enda höfðu þeir upphafið andstöðu sína gegn túlkun Kommúnistaflokk Sovétríkjanna á marx-lenínismanum sem hinni einu sönnu stefnu sósíalísmans í heiminum. Magnús bætti því við að „[m]arxisminn [væri] engin kredda, heldur fræðikenning, leiðsögn til athafna, og þær athafnir verða jafn fjölbreytilegar og tilveran sjálf“.<sup>90</sup> Hvað varðar höfnun Kínverja á hugtakinu „friðsamlegri sambúð“ þá benti Magnús á að erfitt væri fyrir Kínverska kommúnistaflokkinn að setta sig við frosið ástand í alþjóðamálum á meðan Bandaríkin studdu ennþá stjórn Chiang Kai-shek í Taívan. Hins vegar þvertók Magnús fyrir að Kínverjar væru herskárri en Sovétmenn eða Bandaríkjamenn: „Auðvitað aðhyllast Kínverjar friðsamlega sambúð ríkja með ólík hagkerfi. En þeir munu ekki geta samþykkt eða gerst aðilar að neinum samningum um það efni nema þeim séu sjálfum í verki tryggð þau verðmæti sem sóst er eftir“.<sup>91</sup> Með öðrum orðum var Magnús að segja að sjálfstjórnarréttur Taívan til að halda þegnum eyjarinnar utan Kína kommúnísmans væri ólögmatgur.

Þessi afstaða virðist hafa átt nokkurn hljómgrunn meðal íslenskra sósíalísta árið 1964. Í september það ár ritaði Magnús Torfi Ólafsson á svipuðum nótum í pistli sínum um erlend tíðindi: „Nú eru komin til sögunnar tvö sósíalístísk stórveldi, hvort með sínar ólíku sögulegu

---

<sup>89</sup> *Þjóðviljinn* 3. október 1964.

<sup>90</sup> Magnús Kjartansson, *Bak við bambustjaldið*, bls. 192–196.

<sup>91</sup> Sama heimild, bls. 197–201.

forsendur sitt á hvoru þrepi efnahagsþróunar“.<sup>92</sup> Í þessu fólst ákveðin viðurkenning á því að ekki væri lengur unnt að viðhalda einingu í alþjóðahreyfingu kommúnismans.

Úr því varð upp úr deilu Kínverja og Sovétmanna að stalínísku hugsjónamennirnir tóku upp málstað Kínverja á meðan „raunsæissinnarnir“ fylgdu Sovétmönnum að málum. Hvað helstu forkólfa Sósíalistaflokksins varðar, færðist Brynjólfur Bjarnason nær Pekíng-línunni, en virðist hafa sætt sig við tvíþóla alheimshreyfingu árið 1970: „Sósíalisminn í heiminum lifir í skjóli Sovétríkjanna (nema þá helst í Kína)“.<sup>93</sup> Einar Olgeirsson gætti þess hins vegar að Sósíalistaflokkurinn tæki aldrei neina afstöðu út á við. Hvað hann sjálfan varðar benda orð hans og gerðir til þess að hann hafi ekki á neinum tímapunkti sagt skilið við hollustu sína við Moskvu-línuna. Það sama má segja um Lúðvík Jósepsson þótt opinber afstaða hans hafi átt meira skylt með hlutleysi í deilunni.

*Morgunblaðið* lagði mikið á sig að reyna sýna fram á óeiningu innan Sósíalistaflokksins í ljósi klonings alþjóðahreyfingar kommúnismans. Settar voru fram misvel rökstuddar fullyrðingar og ályktanir dregnar af þeim. Myndin sem dregin var upp var svart-hvít. Annað hvort var um harða stuðningsmenn Kínverja eða Sovétmanna. Þó bendir fátt til þess að stór hluti íslenskra sósíalista hafi fundið fyrir þörf til að taka aðra afstöðu til deilunnar en þá sem Sósíalistaflokkurinn tók: hlutleysi. Jafnframt má leiða líkur á því að Kínverjar hafi aldrei sótt það fast að knýja fram afstöðu í málinu hjá jafn valdalitlu afli – á alþjóðavettvangi – og íslensk sósíalistahreyfing var. Hins vegar má benda á að í fundagerðum framkvæmdarnefndar Sósíalistaflokksins á tímabilinu 1964 til 1970 er aðeins minnst tvisvar á Kína og í báðum tilfellum eru það örstuttar klausur um deilur ríkjanna.<sup>94</sup> Aftur á móti er minnst á Sovétríkin margfalt oftar. Þetta er ekki aðeins vísbending um að flokkurinn hafi í raun verið frekar á bandi Sovétmanna – þótt sú afstaða hafi ekki verið opinberuð – heldur einnig um vaxandi áhugaleysi margra íslenskra sósíalista á þeim sósíalisma sem var rekinn í Kína.

## **Sósíalistaflokkurinn og menningarbyltingin**

Þegar Magnús Kjartansson, ritstjóri *Þjóðviljans*, sótti Kína heim árið 1964 kynntist hann því hvernig almennt læsi Kínverja hafði aukist frá valdatöku kommúnista. Hann benti á að

<sup>92</sup> *Þjóðviljinn* 12. september 1964.

<sup>93</sup> Brynjólfur Bjarnason, *Með storminn í fangið* 2. bindi, bls. 287.

<sup>94</sup> *Lbs.* Aðföng 16. október 2014 (fundagerðabók framkvæmdarnefndar Sósíalistaflokksins), nefndarfundir, 13. apríl 1964 og 17. ágúst 1964.



fjárframlög til menntamála væru mjög há í landinu og hefði það skilað sér í betra aðgengi að æðri menntastofnunum. Þessi þróun beindi fólki á besta aldri frá framleiðslustörfum og því hefðu stjórnvöld tekið upp á því að samþætta nám þeirra með vinnu. Þetta nýja skipulag minnti Magnús á liðna tíma í kínverskri sögu: „Í hinu forna Kínaveldi voru menntamenn hátt yfir alþýðu hafnir, litu niður á hana og fyrir litu hana; erfiðisvinna var þeim ekki sæmandi [...] þessi ofstækisfulli menntahroki hefur verið Kínverjum mikill fjötur um fót“. Enn fremur lýsti Magnús því að „[e]ftir að hið nýja menntakerfi þróaðist í Kína og menn brunuðu áfram úr barnaskóla upp í háskóla án tengsla við atvinnulífið, þóttust ráðamenn Kína verða varir við að þessi gamli menntamannahroki væri farinn að skjóta upp kollinum á nýjan leik, hinir nýju háskólamenn teldu sig kjöra til forystu og alræðis hver á sínum stað, hætti væri á að upp kynni að rísa „ný stétt“ í Kína, upphafnir forréttindaaðilar sem gætu sölsað til sín völd þótt efnahagskerfið sjálf væri félagslegt“.<sup>95</sup> Jafnframt varð Magnús var við mikla persónudýrkun á Mao formanni á meðan dvöl hans í Kína stóð. Honum leist ekkert á þessa þróun því að „slík manndýrkun er hættuleg því hún smitar út frá sér í þjóðfélaginu“.<sup>96</sup> Hér var farið að bera á því andrúmslofti sem skapaði Menningarbyltingu Mao um tveimur árum eftir að Magnús heimsótti landið

Árið 1966 voru 17 ár frá því að kommúnistar tóku við völdum í Kína. Á þessum tíma hafði alist upp heil kynslóð ungs fólks sem þekkti ekkert annað en lífið eftir byltinguna. Þeim var kennt að þjóðin, landið, flokkurinn og formaðurinn krefðust virðingar.<sup>97</sup> Undir þessum kringumstæðum hóf Mao hina „miklu menningarbyltingu öreiganna,“ þar sem ungmenni voru hvött til þess að berjast – með ofbeldi ef þurfti – gegn öllum íhaldssömum og borgaralegum öflum til að koma í veg fyrir stöðnun byltingarandans. Menningarbyltingin átti eftir að vera opinber stefna Kína allt þangað til Mao formaður lést árið 1976.

Íslenskir sósíalistar sýndu Sovétríkjunum og fylgiríkjum þeirra í Austur-Evrópu mun meiri áhuga en Kína á 7. áratugnum. Þó var áhugaleysið ekki algjört og enn fjallað um kínversk málefni í fréttaskýringum á síðum *Þjóðviljans*. En stórar greinar þar sem blaðamenn greindu og túlkuðu ástand landsins, líkt og hafði tíðkast aðeins nokkrum árum áður, voru fátar. Í fyrstu (og í raun einu) fréttaskýringu blaðsins á menningarbyltingunni var helst litið til þeirra stefnubreytinga er vörðuðu menntamál landsins. Áhyggjur kínverskra stúdenta voru sagðar þær að það efni sem kennt var í skólum landsins væri ekki nógu sósíalískt og beindi ungu fólki frá félagslegri vitund um erfiðisvinnu bænda og verkamanna. Að dómi greinarhöfundar

<sup>95</sup> Magnús Kjartansson, *Bak við bambustjaldið*, bls. 171–176.

<sup>96</sup> Sama heimild, bls. 192.

<sup>97</sup> Tanner, Harold M., *China: A History* 2. bindi, bls. 219.

*Þjóðviljans* nægði þessi skýring ekki til að gera grein fyrir „berserksgangi“ stúdentafylkinga,<sup>98</sup> sem á þessum tíma höfðu fengið heitið „rauðu varðliðarnir“. Með þessum sveitum reið ofbeldis- og eyðileggingaralda yfir mörg héruð Kína, þar sem þær reyndu að framfylgja frimælum Mao um útskúfun andbyltingarsinnaðra einstaklinga og hugmynda. Þetta var að dómi *Þjóðviljans* ein skuggahliða menningarbyltingarinnar.<sup>99</sup>

Fyrir utan fréttaskýringar sem teknar voru úr blöðum frá Kína eða Sovétríkjunum voru Sigurður Róbertsson og fransk-pólski blaðamaðurinn K. S. Karol helstu heimildarmenn *Þjóðviljans* um ástandið í Kína frá hausti 1966 til febrúarmánaðar 1967.<sup>100</sup> Blaðið lýsti Karol sem miklum aðdáanda kínversku byltingarinnar sem þó væri óhræddur að gagnrýna það sem miður færi í landinu.<sup>101</sup> Í september birtist þýðing á grein Karol undir nafninu „Spilla Kínverjar friði í heiminum?“ Í niðurlagi hennar sagði hann hættulegustu þróun landsins vera þá dýrkun á Mao sem ungt fólk tileinkaði sér í auknum mæli og sú einangrunarhyggja sem kynni að festast í sessi í kjölfarið. Í augum Karols var þessi þróun ekki eingöngu tilkomin vegna innanríkismála Kínverja, heldur væri einnig um að kenna einangrunarstefnu og fjadsemi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í garð Kína.<sup>102</sup>

Haustið 1966 fóru þeir Sigurður Róbertsson, rithöfundur, og Stefán Jónsson, fréttamaður til Kína. Sigurður, sem hafði verið frambjóðandi fyrir Sósíalístaflokkinn í alþingiskosningunum 1953, ritaði greinar um ferðina til Kína í *Þjóðviljann* eftir heimkomuna. Í upphafi fyrstu greinar hans kvað hann að minna hafi farið fyrir umfjöllun um Kína á síðustu misserum, bæði frá borgaralegum og sósíalískum blöðum. Kenndi hann þar um deilu Kínverja og Sovétmanna, sem sósíalistar ættu margir hverjir erfitt með að kyngja.<sup>103</sup> Þá greindi Sigurður frá því að hann og Stefán hefðu setið veislu undir stjórn Zhou Enlai forsætisráðherra, þar sem hann lofaði „rauðu varðliðanna“ og framgöngu þeirra í menningarbyltingunni. Á meðan för þeirra Sigurðar og Stefáns stóð urðu þeir vitni að þjóðhátíðarhöldunum 1. október, en það ár réðu „rauðu varðliðarnir“ lögum og lofum í hátíðargöngunni. Þessi nýji her ungmenna tók sér stöðu við hlið lögreglu í hinu nýja skipulagi.<sup>104</sup>

---

<sup>98</sup> *Þjóðviljinn* 30. júlí 1966.

<sup>99</sup> *Þjóðviljinn* 16. júní 1967.

<sup>100</sup> Þetta tímabil afmarkar verstu öfga Menningarbyltingarinnar. Í febrúar 1967 hafði Mao náð aftur völdum í kommúnistaflokknum og í júlí sama ár fyrirskipaði hann endalok „rauðu varðliðanna“.

<sup>101</sup> *Þjóðviljinn* 4. september 1966.

<sup>102</sup> *Þjóðviljinn* 28. september 1966. *Tímarit Máls og menningar* átti einnig eftir að birta samskonar grein eftir Karol um menningarbyltinguna seinni hluta árs 1968: Karol, K.S., „Menningarbyltingin kínverska“, *Tímarit Máls og menningar* XXIX:3–4, bls. 309–340.

<sup>103</sup> *Þjóðviljinn* 29. nóvember 1966.

<sup>104</sup> *Þjóðviljinn* 8. desember 1966.

Í ferðafrásögn sinni greinir Sigurður frá því að hafa hitt nokkra félagar „rauðu varðliðanna“ og tekið þá tali. Eftir spjallið hafi hann sannfærst um að með menningarbyltingunni væri kínversk alþýða í raun að bregðast við ákveðinni samfélagsandstöðu við sósíalismann sem hafði fengið að lifa allt frá byltingunni árið 1949. „Rauðu varðliðarnir“ þvertóku fyrir að hún væri í eðli sínu ofbeldisfull og að slíkar sögusagnir væru aðeins tilbúningur óvina Kína: Bandaríkjamanna og Sovétmanna.<sup>105</sup> Þótt Sigurður hefði orðið vitni að nær gegndarlausri dýrkun á Mao formanni kvaðst hann þess fullviss að kínverska þjóðin gengi „frjáls og sigurviss á vit komandi tíma“.<sup>106</sup>

Í mars 1968 birti *Þjóðviljinn* þýðingu á grein sænska blaðsins *Ny dag*, þar sem rædd voru áhrif menningarbyltingarinnar á kínverkt menntakerfi og listalíf. Blaðið var gefið út af Vinstri flokknunum (*Vänsterpartiet*) í Svíþjóð, sem var – líkt og Sósíalistaflokkurinn á Íslandi – arftaki kommúnistaflokks Svíþjóðar. Að mati *Ny dag* var menntakerfið í Kína í lamasessi eftir menningarbyltinguna. Nemendur væru ekki verðlaunaðir eftir námsgetu, heldur eftir pólitískri frammistöðu og fylgispekt við hugmyndafræði Mao. Blaðið tók enga afstöðu til þessarar þróunar í sjálfu sér. Hins vegar gætti neikvæðari tóns í umfjöllun þess um þróun tónlistar, bókmennta og myndlistar í menningarbyltingunni og var litið svo á að list sem ekki tengdist beint Mao eða byltingunni sjálfri væri óæskileg eða móðgandi. Því tók við tímabil mikillar íhaldssemi á sviði menningar.<sup>107</sup> Ef miðað er við hversu lítið *Þjóðviljinn* tók beina afstöðu til menningarbyltingarinnar í Kína á meðan hún stóð sem hæst má ætla að ritstjórn blaðsins hafi ekki stutt hana, enda var enginn skortur á gagnrýni á hana í „borgarablöðunum“ – og *Þjóðviljann* fyrir þögnina um hana. Árið 1971 átti *Þjóðviljinn* þó eftir að lýsa afstöðu sinni á þennan hátt: „Hin öfgafullu og þversagnakenndu tíðindi sem bárust af menningarbyltingunni í Kína [...] meðan hún var mest í fréttum, gerðu marga öldungis hlessa: þeim fannst líklegast að komið væri rutl í þessa stærstu þjóð heims“<sup>108</sup>

Meðan á menningarbyltingin stóð sem hæst spáði Morgunblaðið því að menningarbyltingin í Kína „smitaðist inn í raðir“ íslenskra sósíalista. Höfundur Staksteina orðaði það svo: „[E]ins og kunnugt er hafa að undanfögnu [vaðið uppi] endurskoðunarsinnar og aðrir svikarar [innan Sósíalistaflokksins], sem svo sannarlega eru ekki að skapi hinnar hreinræktuðu kommúnistaklíku sem flokknum stjórnar“. Fyrsta fórnarlamb hinnar íslensku menningarbyltingar yrði líklega Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, enda var hann sagður hvorki njóta trausts innan flokksins né Sósíalistafélags Reykjavíkur. Þá þótti það furðu

<sup>105</sup> *Þjóðviljinn* 13. desember 1966.

<sup>106</sup> *Þjóðviljinn* 8. desember 1966.

<sup>107</sup> *Þjóðviljinn* 3. mars 1968.

<sup>108</sup> *Þjóðviljinn* 12. febrúar 1971.

sæta að Magnús Kjartansson, sem sjálfur hefði ritað heila bók um Kína hefði ekkert um menningarbyltinguna að segja.<sup>109</sup> Ekkert andsvar kom frá Þjóðviljamönnum eftir gagnrýni *Morgunblaðsins*. Hins vegar birti blaðið fréttir af fordæmingum kommúnistaflokka Ítalíu, Sovétríkjanna, Austur-Þýskalands og Tékkóslóvakíu á framferði Kínverja í menningarbyltingunni.<sup>110</sup>

Rétt er að forystumenn sósíalista á Íslandi tjáðu sig ekki um menningarbyltinguna. Einar Olgeirsson ritaði t.d. ekki um atburðina fyrir en þremur árum eftir að menningarbyltingunni lauk árið 1976. Þar tók hann upp hanskann fyrir tvo háttsetta kínverska kommúnista sem fóru illa út úr byltingunni, þá Liu Shaoqi forseta Kína og He Long varaforsætisráðherra. Þeir létust báðir af illri meðferð yfirvalda eftir að hafa verið ásakaðir um „hægri villu“. Menningarbyltinguna taldi Einar, ásamt „stóra stökkinu fram á við“, vera tvö af mestu afglöpum Mao.<sup>111</sup> Brynjólfur Bjarnason lét þau ummæli falla um menningarbyltinguna á fundi Æskulýðshreyfingunnar árið 1970 að hún hefði verið framkvæmd í þeim tilgangi að útrýma skriffinnsku. Sú aðgerð var talin óhjákvæmilegur fylgifiskur þess virka lýðræðis sem Mao kvaðst vilja efla. Síðan hefði reyndar tilraunin gengið „út í öfgar“ þar sem „margar erkivillur [voru] gerðar“. Brynjólfi líkaði heldur ekki sú stefna að skikka menntafólk í erfiðisvinnu við framleiðslu og landbúnað til lengri tíma. Kína þyrfti mikið á menntafólki að halda.<sup>112</sup>

Þótt túlka megi þögn sósíalista um menningarbyltinguna almennt á þann veg að hún hafi ekki hlotið sterkan hljómgrunn meðal þeirra vill Árne Bergmann þó meina að eldri sósíalistar hefðu verið hrifnir af henni framan af. Þeir hafi þó fljótlega „áttað sig á að þeir höfðu litla þekkingu og hæpnar forsendur til þess að álykta af skynsemi um [hana]“. <sup>113</sup> Eins og áður sagði var furðulítið fjallað um menningarbyltinguna á síðum *Þjóðviljans* og enginn virðist hafa tekið undir jákvæða umfjöllun Sigurðar Róbertssonar. Þær fréttaskýringar sem voru teknar beint úr ríkisdagblaðinu í Kína og birtust í *Þjóðviljanum* drógu ekki upp fegraða mynd af ástandinu eftir að „rauðu varðliðarnir“ hófu ofsóknarherferð sína í nafni hreintrúarstefnu. En menn höfðu brennt sig áður á að taka of mikið mark á opinberum fréttáflutningi frá Kína, t.d. í „stóra stökkinu fram á við“.

<sup>109</sup> *Morgunblaðið* 27. ágúst 1966.

<sup>110</sup> *Þjóðviljinn* 3. september 1966; *Þjóðviljinn* 6. september 1966.

<sup>111</sup> Einar Olgeirsson, „Harmleikur í Kína“, *Réttur* LXII:4, bls. 243.

<sup>112</sup> Brynjólfur Bjarnason, *Með storminn í fangið* 2. bindi, bls. 290.

<sup>113</sup> Tölvupóstur frá Árna Bergmann, 28. desember 2015.

## Viðbrögð við bættum samskiptum Kína og Bandaríkjanna

Á fyrstu árum menningarbyltingarinnar gætti mikillar spennu í samskiptum Kína og Sovétríkjanna vegna landamæradeilu ríkjanna. Hún náði hámarki á tímabilinu mars–september 1969 þegar átök brutust út á milli ríkjanna vegna ágreinings um eyjuna Zhenbao og landamærin við Xingjiang. Sú einangrunarstefna sem kínversk stjórnvöld tóku upp, sem beindist bæði gegn Sovétríkjunum og Bandaríkjunum, setti Kína í mjög erfiða stöðu þegar landamæradeilan varð að óyfirlýstu stríði er líða tók á sumarið 1969. Á sama tíma mátti gæta aukins vilja Bandaríkjamanna til að endurskoða samskiptin við Kína. Mao formaður og Zhou Enlain forsætisráðherra sáu sér leik á borði og komu á framfæri, þó ekki með beinum hætti, óskum um hið sama gagnvart Bandaríkjunum.<sup>114</sup> Eftir það bötnuðu samskipti Bandaríkjanna og Kína hratt og leiddi það til heimsóknar Richard Nixons, Bandaríkjaforseta, til Kína árið 1972.

Ólíkt menningarbyltingunni, sem að vísu var innanríkismál, höfðu íslenskir sósíalistar nokkurn áhuga á þróun mála í samskiptum Bandaríkjanna og Kína, sérstaklega í ljósi þess að Bandaríkin voru enn í stríði við bandamenn Kínverja í Víetnam.<sup>115</sup> Afstaða íslenskra sósíalista til Bandaríkjanna breyttist lítið eftir að Sósíalistaflokkurinn var lagður niður og Alþýðubandalagið stofnað sem formlegur stjórnmalaflokkur árið 1968. Hún var enn mjög lituð af andstöðu þeirra við hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi. Stríðrekstur Bandaríkjamanna í Víetnam hafði skerpt enn frekar á henni. Á síðum *Þjóðviljans* var hernaðaríhlutun Bandaríkjamanna í Víetnam fordæmd og lýst yfir stuðningi við stjórnina í Norður-Víetnam hina svokölluðu Þjóðfrelsisfylkingu í Suður-Víetnam.<sup>116</sup> Ný kynslóð íslenskra vinstrimanna fór á láta til sín á taka upp úr hugmyndafræðilegri byltingaröldu sem reið yfir Vesturlönd og kennd var við 1968-kynslóðina, en beindist hún að miklu leyti gegn meintri heimsvaldarstefnu Bandaríkjanna, m.a. í Víetnam.<sup>117</sup> Margt af þessu róttæka fólki var í leit að nýjum leiðtoga alþjóðahreyfingar sósíalismans eftir innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968 og varð Kína fyrir vali sumra á 8. áratugnum.<sup>118</sup>

Að því er varðar umfjöllun *Þjóðviljans* um Kína hélt blaðið áfram að að þýða pistla K. S. Karol um stjórnmalástandið þar. Einn þeirra var birtur eftir að Richard Nixon tilkynnti árið 1971 að hann myndi heimsækja Kína. Karol taldi að Kínverjar hefðu náð undirtökunum í

<sup>114</sup> Kuisong, Yang, „The Sino-Soviet Border Clash of 1969: From Zhenbao Island to Sino-American Rapprochement“, bls. 41–48.

<sup>115</sup> Bæði Kína og Sovétríkin studdu kommúnistastjórnina í Hanoi. Dróg þó úr stuðningi Kínverja árið 1968 eftir að Hanoi-stjórnin neitaði að slíta sambandinu við Sovétríkin eins og Peking fór fram á.

<sup>116</sup> Sjá t.d. *Þjóðviljinn* 19. maí 1968.

<sup>117</sup> Gestur Guðnason, Kristín Ólafsdóttir, *68 – hugarflug úr viðjum vanans*, bls. 274–279.

<sup>118</sup> Sama heimild, bls. 287–292.

samskiptunum við Bandaríkin. Bandaríkjamenn vildu bæta samskiptin við Kínverja, m.a. til að koma sér út úr Víetnamstríðinu. Þannig ætlaði Nixon að tryggja endurkjör sitt í forsetakosningunum árið 1972 – enda var stríðið mjög óvinsælt hjá bandarískri alþýðu. Þetta voru Kínverjar meðvitaðir um og settu því fram ýmsa úrslitakosti sem miðuðu að því að binda enda á bein afskipti Bandaríkjamanna af Taívan og Víetnam. Að mati Karols höfðu Kínverjar litlu að tapa. Hins vegar gætu batnandi samskipti milli Bandaríkjanna og Kína komið sér mjög illa fyrir stöðu Sovétríkjanna í heiminum.<sup>119</sup>

Undir þetta viðhorf tók Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra og fyrrverandi blaðamaður á *Þjóðviljanum*. Kvað hann bætt tengsl Bandaríkjanna og Kína koma helst niður á stöðu Sovétríkjanna. Jafnframt benti Magnús á að Nixon hefði verið einn ötulasti andkommúnisti innan Repúblikaflokksins í Bandaríkjunum allt frá upphafi kalda stríðsins og væri stefna hans „í fjörbrotunum á blóði drifnum vígvöllum Indó-Kína“. Með því að koma samskiptunum við Kína í betra horf gengi Nixon það til að skipa sér útgönguleið úr Víetnamstríðinu. Því hefðu Bandaríkin m.a. tekið upp nýja stefnu hjá Sameinuðu þjóðunum, hina svokölluðu „tveggja Kína-stefnu“. Hins vegar væri hún dæmd til að misheppnast þar sem bæði stjórn Alþýðulýðveldisins og Taívan höfnuðu henni á þeim grundvelli að bæði ríkin töldu sig vera eina sanna málsvara Kína. Magnús spáði því að Pekíng-stjórnin tæki við sæti Kína á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1971, eins og kom síðan á daginn.

Þá taldi Magnús að Kínverjar ættu stærri þátt en Bandaríkjamenn í batnandi samskiptum þjóðanna. Það hefði t.d. verið hugmynd „miðjumannsins“ Zhou Enlai að bjóða bandarísku bordtennisliði til Kína vorið 1971. Sá táknræni atburður varð undanfari þess að Nixon ákvað að sækja Kína heim. Að mati Magnúsar var það sama málamiðlunarstefna Zhou Enlai sem kom heimsókninni í kring og hefði henni beitt til að lægja ofbeldisöldur „rauðu varðliðanna“ í menningarbyltingunni.<sup>120</sup> Þessi greining Magnúsar á við rök að styðjast,<sup>121</sup> enda var Zhou Enlai ekki sami harðlínumaður og Mao formaður. Árni Bergmann blaðamaður á *Þjóðviljanum* leit svo á að afleiðing þessarar nýju stefnu Bandaríkjanna í garð Kína gæti komið sér vel fyrir þau lönd Varsjárbandalagsins sem vildu móta sér sjálfstæða stefnu frá Sovétríkjunum – í anda Rúmeníu. Erfiðara yrði fyrir Sovétmenn að sannfæra bandamenn sína í sósíalísku löndunum um réttmæti kenningarinnar um hinn tvíþóla heim milli kapítalísma og kommúnísma ef Kína yrði að viðurkenndu heimsveldi sem byggði í friðsamlegri sambúð með

<sup>119</sup> *Þjóðviljinn* 22. ágúst 1971.

<sup>120</sup> Magnús Torfi Ólafsson, „Myndun þriðja hornsins á stórveldapríhrynningi“, *Samvinna* LXV:3, bls. 39–41.

<sup>121</sup> Harding, Harry; Robinson, Thomas, *The Cambridge History of China* 15. bindi, bls. 167; 413–426.

Bandaríkjunum.<sup>122</sup> Árni var þá vongóður að þessi þróun myndi breyta alþjóðapolitikinni frá hinni venjubundnu orðræðu kalda stríðsins.<sup>123</sup>

Annað viðhorf sem birtist á síðum *Þjóðviljans* var að hin nýja stefna Bandaríkjanna gagnvart Kína væri hluti af hinni svokölluðu „Nixon-kenningu“ (e. *Nixon doctrine*), en hún gekk út á fráhrarf Bandaríkjahers frá Víetnam. Bandaríkin myndu þjálfra herdeildir Suður-Víetnama til að berjast gegn fylkingum kommúnista. Kenningin átti einnig við um allar aðrar vinþjóðir Bandaríkjanna; bein varnarmál áttu að vera í höndum hvers ríkis, en Bandaríkin myndu veita vernd og stuðning ef til þess kæmi. Því var haldið fram að hér væri aðeins um sparnaðaraðgerðir að ræða. Bandaríkin vildu halda yfirráðum sínum í Asíu, en halda kostnaðinum í lágmarki. Í ljósi þess að Kínverjar höfðu ekki breytt sinni stefnu á neinn hátt, voru Bandaríkin í raun að gefa eftir og viðurkenna að um tveggja áratuga tilraun til að einangra kommúnistastjórn Kína hefði misheppnast. Þó var tekið fram að með vaxandi gjá milli Sovétríkjanna og Kína væru Bandaríkin líklegri til að hóta beitingu kjarnorkuvopna.<sup>124</sup>

Seint árið 1970 lögðu tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar fram þingsályktunartillögu um breytta stefnu Íslands í utanríkismálum. Tillaga Magnúsar Kjartanssonar, þingmanns Alþýðubandalagsins, og Sigurvins Einarssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, var í þremur hlutum, en ein þeirra gekk út á að Ísland styddi yfirtöku Pekíng-stjórnarinnar á sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum.<sup>125</sup> Viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem hafði allan sinn líftíma stutt stefnu Bandaríkjastjórnar í málefnum Kína, vildi þó ekki að málið kæmist á dagskrá og kom í veg fyrir að tillagan yrði rædd. Sigurður Guðmundsson, ritstjóri *Þjóðviljans*, taldi að þessi afneitun ríkisstjórnarinnar á staðreyndum málsins gæti leitt til þess að Ísland sitji uppi með gömlu línuna eftir að Bandaríkin hefðu viðurkennt Pekíng-stjórnina og rétt hennar til sætis Kína hjá Sameinuðu þjóðunum.<sup>126</sup>

Opinber afstaða viðreisnarstjórnarinnar á seinni hluta 7. áratugarins hafði verið sú að hún studdi inngöngu Pekíng-stjórnarinnar í Sameinuðu þjóðirnar, svo framarlega sem það hefði ekki í för með sér að Taipei-stjórninni yrði úthýst þaðan.<sup>127</sup> Þessa afstöðu hafði *Þjóðviljinn* ávallt talið vera tilkomna vegna undirlægjuháttar við Bandaríkin.<sup>128</sup> Þegar vinstri stjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna<sup>129</sup> tók

<sup>122</sup> *Þjóðviljinn* 1. ágúst 1971.

<sup>123</sup> *Þjóðviljinn* 17. júlí 1971.

<sup>124</sup> *Þjóðviljinn* 12. september 1971.

<sup>125</sup> Vef. Alþingi, „Breytt stefna í utanríkismálum“, 158. mál, þingsályktunartillaga, 91. löggjafarþing 1970–1971.

<sup>126</sup> *Þjóðviljinn* 17. apríl 1971.

<sup>127</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál – sögulegt yfirlit* 2. bindi, bls. 697.

<sup>128</sup> Sjá t.d. *Þjóðviljinn* 10 desember 1965; *Þjóðviljinn* 15. september 1971.

<sup>129</sup> Samtök frjálslyndra og vinstrimanna var klofningsframboð Hannibals Valdimarssonar og annarra úr Alþýðubandalaginu. Ráðherrar flokksins voru, ásamt Hannibal, þeir Magnús Torfi Ólafsson og Björn Jónsson.

við völdum sumarið 1971 breyttist þessi afstaða Pekíng-stjórninni í vil.<sup>130</sup> Stefnumbreyting íslenskra stjórnvalda kom á hárréttum tíma, því að um sama leyti var meirihluti ríkja Sameinuðu þjóðanna að komast að sömu niðurstöðu. Jónas Árnason, fulltrúi Alþýðubandalagsins á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1971, sagði að íslenska sendinefndin mundi beita sér fyrir því að sætaskipti yrðu í málefnum Kína og fara þannig þvert á vilja Bandaríkjanna.<sup>131</sup> Það gekk eftir og tók Pekíng-stjórnin formlega við sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum í október það ár.

Í augum íslenskra sósíalista voru batnandi samskipti Bandaríkjanna og Kína hluti af valdatafli beggja ríkja. Hér væri komin fram fullkomin átylla fyrir Bandaríkin að draga herlið sitt til baka frá Víetnam og fyrir Kína að auka völd sín gagnvart Sovétríkjunum. Hér voru menn hættir að horfa á Kína í ljósi deilunnar við Sovétríkin. Breytingin á tengslum Bandaríkjanna og Kína var staðfesting á að Bandaríkjamenn væru reiðubúnir að sætta sig við ósigur í sinni afstöðu í málefnum Kína á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Því varð krafan um að Ísland færi sömu leið háværi. Þegar ný ríkisstjórn tók við sumarið 1971 lagði það grunninn fyrir slíka stefnumbreytingu og um haustið kaus Ísland í fyrsta sinn með því að Pekíng-stjórnin tæki sæti Kína í samtökunum.

## **Meningartengsl Íslands og Kína: Kínversk-íslenska menningarfélagið (KÍM)**

Eins og hér hefur komið fram lýstu íslenskir sósíalistar strax yfir stuðningi við alþýðulýðveldið Kína eftir stofnun 1949. Árið 1953 var stofnað félag til að efla menningartengsl milli Íslands og Kína og fékk það nafnið Kínversk-íslenska menningarfélagið (KÍM). Stofnfélagar þess voru kunnir sósíalistar eins og Jakob Benediktsson málfræðingur (sem var kosinn formaður og gegndi því embætti allt til ársins 1975), Arnór Hannibalsson nemi, Björn Þorsteinsson sagnfræðingur, Gísli Ásmundsson

---

Ráðherrar Alþýðubandalagsins í sömu ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar voru þeir Lúðvík Jósepsson og Magnús Kjartansson.

<sup>130</sup> Sjá t.d. „Málefnaþingur ríkisstjórnarinnar“, *Réttur* LIV:3, bls. 153; *Þjóðviljinn* 17. september 1971; Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál – sögulegt yfirlit* 2. bindi, bls. 699.

<sup>131</sup> *Þjóðviljinn* 28. september 1971. Þó skal tekið fram að Bandaríkin höfðu í nokkur ár sett fram tillögu þess efnis að Kína væri „mikilvægt málefni“ og þyrfti því 2/3 atkvæða allra ríkja Sameinuðu þjóðanna til að einhver breyting gæti átt sér stað. Þannig voru Bandaríkin ekki beint að leggjast gegn tillögu sem Albanía hafði einnig sett fram í nokkur ár – að Pekíng-stjórnin tæki sæti Kína og að Taipei-stjórninni yrði vikið úr Sameinuðu þjóðunum – heldur aðeins að leggja áherslu á mikilvægi málsins. Einnig má benda á að vegna batnandi samskipta við Kína má ætla að Bandaríkin hafi aðeins verið að bíða eftir að Sameinuðu þjóðirnar tækju afstöðu með Pekíng-stjórninni til að forðast bein afskipti í málinu og koma þannig í veg fyrir óvild frá Taipei-stjórninni.



kennari, Ísleifur Högnason fyrrv. þingmaður, Jóhannes úr Kötlum skáld, Katrín Thoroddsen fyrrv. þingmaður, Magnús Kjartansson ritstjóri *Þjóðviljans*, Nanna Ólafsdóttir borgarfulltrúi Sósíalístaflokksins, Sigurður Guðmundsson ritstjóri *Þjóðviljans* og Þórbergur Þórðarson rithöfundur. Þremur árum fyrr hafði verið stofnsett svipað félag til að sinna menningartengslum Íslands við Sovétríkin, MÍR (Menningarfélag Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, síðar Rússlands). Lög KÍM voru sniðin eftir lögum MÍR.<sup>132</sup>

Í aðdraganda að stofnun Kínversk-íslenska menningarfélagsins var sett á laggir svokölluð Kínanefnd, en í henni sátu m.a. einstaklingar sem áttu eftir að verða stofnfélagar í KÍM ári síðar. Nefndin stóð fyrir sýningum á kínverskum listaverkum og kvikmyndum. Helsta takmark Kínanefndarinnar var að stofna skipulögð félagasamtök sem áttu að halda uppi menningartengslum Íslands og Kína. Þess ber að geta að í upphafi kom esparanto-hreyfingin á Íslandi að stofnun KÍM gegnum systursamtök sín í Kína sem voru undir verndarvæng kommúnistaflokksins. Fyrst og fremst var þó samtökunum ætlað að starfa sem vináttufélag milli íslenskra sósíalista og nýstofnaðs sósíalísks ríkis sem vann að menningartengslum þeirra – líkt og MÍR. Önnur slík vináttufélög voru stofnuð á næstu árum til að koma á menningar- og viðskiptatengslum við Rúmeníu, Austur-Þýskaland, Tékkóslóvakíu og Pólland. Árið 1956 reyndi félagið að auka umsvif sín með því mynda menningartengsl við alþýðustjórnirnar í Víetnam, Kóreu og Mongólíu – annað hvort innan KÍM eða með stofnun undirnefnda fyrir hvert land fyrir sig.<sup>133</sup> Þótt KÍM hafi fyrst og fremst verið ætlað að bæta menningarsamskipti milli Íslands og Kína, þá þjónaði hlutverk þess einnig pólitískum tilgangi.

Haustið 1952, eða ári áður en KÍM var stofnað fóru nokkrir Íslendingar í ferð til Kína. Var þetta fyrsta skipulagða sendiför íslenskra sósíalista til Alþýðulýðveldisins. Hópurinn millilenti í Kaupmannahöfn á leiðinni út og fékk þar vegabréfsáritun hjá kínverska sendiráðinu.<sup>134</sup> Þar sem Ísland viðurkenndi ekki kommúnistastjórnina í Kína var ekki möguleiki á að fá vegabréfsáritun á Íslandi. Því þurftu íslenskir ferðalangar á leið til Kína að millilenda í Kaupmannahöfn og fá hana í sendiráði Kína þar. Á 6. áratugnum tók ferðalag milli Íslands og Kína marga daga, þar sem millilenda þurfti nokkrum sinnum. Því gerðu menn oft mikið úr því að ferðast til landsins á þessum árum. Þeir skrifuðu langar greinar í blöð og jafnvel bækur eða bókarkafla um upplifun sína. Á því tímabili sem hér er rætt, 1949–71, fóru á sjöunda tug Íslendinga til Kína.

<sup>132</sup> Fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins, 20. október 1953.

<sup>133</sup> Sama heimild, 25. apríl 1956.

<sup>134</sup> Þórbergur Þórðarson, „Til austurheims vil ég halda“, *Tímarit Máls og menningar* XIII:3, bls. 238.

Í ræðu sem Jakob Benediktsson hélt við stofnun KÍM sagði hann það ekki sæmandi fyrir menningarþjóð að setta sig við einhliða áróður „borgarablaða“ um hið nýja Kína. Því þyrfti að spyrna gegn með skipulögðum hætti og væri stofnun félagsins mikilvægur þáttur í þeirri baráttu. Að dómi Jakobs átti menning Kínverja erindi við Íslendinga, enda færi heimurinn ört minnkandi. Óráðlagt væri að hundska fjarlæga menningu, sérstaklega í ljósi þess að heimsfriðurinn væri ekki sjálfgefinn og bundinn við frekari skilning milli þjóða.<sup>135</sup> KÍM átti að vera milliliður fyrir menntastofnanir, féлага og einstaklinga í báðum löndum og koma á framfæri og miðla gagnkvæmu kynningarefni um menningu landanna. Jafnframt lagði Sigurður Guðmundsson áherslu á að annað brýnt verkefni félagsins yrði að „sannfæra íslensku þjóðina og íslensk stjórnvöld um nauðsyn þess, að Ísland viðurkenni Alþýðulýðveldið Kína“.<sup>136</sup> Því má segja að tvö helstu markmið félagsins hafi verið að kynna kínverska menningu fyrir Íslendingum og hvetja íslensk stjórnvöld til að viðurkenna Pekíngstjórnina. Pólítískur tilgangur þess var því skýr í upphafi, þótt menningarþátturinn væri kjarninn í starfinu.

Á fyrstu mánuðunum eftir stofnun KÍM reyndi félagið að koma á beinum tengslum við viðeigandi stofnanir í Kína, en með litlum árangri í upphafi. Kínverska sendiráðið í Kaupmannahöfn hélt áfram að gegna milligönguhlutverki í öllum menningarsamskiptum. Í maí 1954 stofnuðu kínversk stjórnvöld Samtök um alþjóðleg vináttutengsl Kínverja (e. *Chinese People's Association for Friendship with Foreign Countries*).<sup>137</sup> Eftir að þessi samtök áttu frumkvæði að því að eiga í milliliðalaus sambandi við KÍM<sup>138</sup> var félagið komið í bein tengsl við samtök sambærileg VOKS í Sovétríkjunum, en þau sáu m.a. um sendinefndaskipti og menningarsamskipti milli Sovétríkjanna og annarra landa. KÍM leit svo á að með þessu breytta fyrirkomulagi hefði mikilvægur áfangi náðst í starfsemi félagsins.

Einn helsti þátturinn í starfi KÍM var að koma að gagnkvæmum heimsóknnum Íslendinga til Kína og Kínverja til Íslands. Böðvar Pétursson, félagi í KÍM og forseti hinnar sósíalísku Æskulýðsfylkingar, var fararstjóri fimm manna sendinefndar sem fór til Kína haustið 1955. Aðrir í ferðinni voru þeir Halldór B. Stefánsson loftskemtamaður, Sigurður Guðgeirsson prentari, Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur og Stefán Gunnlaugsson þáverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar. Indriði og Stefán voru ekki sósíalistar, en má ætla að þátttaka þeirra

---

<sup>135</sup> Fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins, 20. október 1953.

<sup>136</sup> *Þjóðviljinn* 25. október 1953.

<sup>137</sup> Samtökin hétu fyrstu tvö starfsárin *Chinese People's Association for Cultural Relations with Foreign Countries* og er vitnað til þeirra í fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins undir því nafni.

<sup>138</sup> Fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins, 8. apríl 1954.

hafi miðast við að styrkja það markmið KÍM að efla opinber samskipti Íslands við Alþýðulýðveldið.

Haustið 1956 fór stór hópur manna frá Íslandi til Kína í kynnisferð um landið. Ferðin var skipulögð af KÍM og höfðu kínversku menningarsamtökin verið í sambandi við Jakob Benediktsson og beðið hann persónulega um að annast val á mönnum. Reynt var að fá menn sem tilheyrðu öllum íslensku stjórnmalaflokkunum til að gefa ferðinni pólitískt lögmæti í samræmi við tilgang sendinefndarferðarinnar ári áður. Þeir sósíalistar sem fóru í kynnisferðina ásamt Jakobi voru þeir Brynjólfur Bjarnason fyrrv. ráðherra, Jón Helgason prófessor, Björn Þorsteinsson sagnfræðingur og Kristján Bender, formaður Rithöfundafélags Íslands. Fulltrúar annarra flokka voru þeir Bragi Sigurjónsson ritstjóri *Alþýðumannsins*, en hann var í Alþýðuflokknum, Magnús Jónsson fyrrv. ráðherra úr Sjálfstæðisflokki og þeir Jörundur Brynjólfsson og Ólafur Jóhannesson, þingmenn Framsóknarflokksins.<sup>139</sup> Í Kína hitti sendinefndin ýmsa forystumenn menningarmála landsins.<sup>140</sup>

Í bók sinni *Kínaævintýri* greinir Björn Þorsteinsson frá því að Jakobi Benediktssyni hafi reynst auðvelt að fá liðtæka menn úr öllum stjórnmalaflokkum til að koma í ferðina, nema úr Sjálfstæðisflokki.<sup>141</sup> Gera má ráð fyrir að andkommúnísk hugmyndafræði flokksins hafi ráðið þar mestu, enda vildu sjálfstæðismenn ekki styrkja tengslin við kommúnistaríkin, þótt þeir hefðu ekkert á móti því að stunda viðskipti við Sovétríkin og fylgiríki þeirra.<sup>142</sup> Bjarni Benediktsson, fyrrv. dómismálaráðherra og utanríkisráðherra – og annar valdamesti maður Sjálfstæðisflokksins á eftir Ólafi Thors – var að sögn andvígur því að sjálfstæðismenn yrðu í sendinefndinni og því hefur verið haldið fram að Magnús Jónsson hafi misst sæti sitt í útvarpsráði fyrir að hafa ekki virt þau tilmæli.<sup>143</sup> Um það er ekki vitað með vissu, en staðreyndin er engu að síður sú að Magnús var ekki endurkjörinn í útvarpsráð í desember 1956,<sup>144</sup> eftir 13 ára setu þar. Magnús á að hafa sagt Jakobi Benediktssyni að vegna aldurs síns skipti litlu máli hvað hann gerði og því hafi hann ákveðið að óhlýðnast flokksforystunni.<sup>145</sup> Hvað Magnúsi fannst um Kína hafði Brynjólfur Bjarnason það síðar eftir honum að í samhengi sögunnar höfðu Kínverjar upplifað ákveðna frelsun við byltinguna árið 1949.<sup>146</sup>

<sup>139</sup> Björn Þorsteinsson, *Kínaævintýri*, bls. 8–10.

<sup>140</sup> *Þjóðviljinn* 18. september 1956.

<sup>141</sup> Björn Þorsteinsson, *Kínaævintýri*, bls. 8–10.

<sup>142</sup> Valur Ingimundarsson, „Ideological Cooperation versus Cold War Realpolitik“, bls. 12–13.

<sup>143</sup> Vef. Linda Sigurðardóttir, „Kínversk-íslenska menningarfélagið – Elsta menningarfélag Evrópu“, viðtal við Arnþór Helgason formann Kínversk-íslenska menningarfélagsins (15. mars 2010).

<sup>144</sup> *Alþýðublaðið* 21. desember 1956.

<sup>145</sup> Tölvupóstur frá Arnþóri Helgasyni, 1. janúar 2016.

<sup>146</sup> Brynjólfur Bjarnason, „„Stökkið mikla“ í Kína“, *Tímarit Máls og menningar* XX:1, bls. 27.

Fyrsta sendinefndin sem kom hingað til lands frá Kína var á vegum KÍM og Alþjóðasamvinnunefndar íslenskrar æsku. Hún kom í ágúst 1955 og dvaldist á Íslandi í tólf daga.<sup>147</sup> Hér var um að ræða ellefu manna hóp, þar af sjö listnema í dansi og tónlist. Þrjár listasýningar fóru fram á vegum sendinefndarinnar meðan dvöl hennar stóð. Þá hittu tveir fulltrúar í sendinefndinni Ottó N. Þorláksson, fyrsta forseta Alþýðusambands Íslands, en þeir höfðu sýnt því áhuga að ræða við þennan frumkvöðul íslenskrar verkalýðshreyfingar eftir að þeir komust að því að hann væri enn á lífi.<sup>148</sup> Einnig hitti sendinefndin Einar Olgeirsson, formann Sósíalístaflokksins, á heimili hans. Einar rakti þar sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu og kynnti fyrir hópnum greinar í *Rétti* sem vörðuðu Kína og kínverska alþýðubaráttu. Þá gaf hann sendinefndinni uppkast að ræðu sem hann hélt árið 1935 um sovétbyltingu kínverskra kommúnista, sem hann bað sérstaklega um að kæmist í hendur Mao og miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins.<sup>149</sup> Koma listafólks æskulýðssamtaka til Íslands þjónaði þó fyrst og fremst menningarlegum tilgangi.

Heimsókn annars hóps listamanna frá Kína tveimur mánuðum síðar, í nóvember 1955, hafði yfir sér mun pólitískari blæ. Fyrir tilstilli KÍM og sendiráðs Kína í Kaupmannahöfn kom hingað til lands fjölmennur flokkur listafólks úr Pekíng-óperunni. Þá hafði Jakob Benediksson náð samkomulagi við stjórn Þjóðleikhússins um að stofnunin stæði að komu hópsins til að freista þess að auka vægi heimsóknarinnar í samskiptum ríkjanna. Forsetaembættið, ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur héldu opinberar móttökur til heiðurs listaflokknum.<sup>150</sup> Þannig tengdist heimsóknin beint því markmiði KÍM að vinna að því að fá íslensk stjórnvöld til að viðurkenna Pekíng-stjórnina. Koma Pekíng-óperunnar mætti vel flokka sem hluta af því menningarstríði sem geisaði hér á landi milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í kalda stríðinu, þar sem bæði ríkin kepptust við að senda hingað þekktu listamenn í áróðurstillgangi.<sup>151</sup> Eftir byltingu kommúnista í Kína gegndi Pekíng-óperan mikilvægu hlutverki í menningarpólitískum áróðri.<sup>152</sup>

Chu Tunan, forseti fyrrnefndra alþjóðlegra menningarsamtaka í Kína, kom til landsins með óperuflokknum og kynntist Kristinn E. Andrésson, miðstjórnarmaður í Sósíalístaflokknum og félagsmaður KÍM, honum lítillega. Chu bauð Kristni og eiginkonu

---

<sup>147</sup> *Þjóðviljinn* 3. ágúst 1955.

<sup>148</sup> *Þjóðviljinn* 7. september 1955.

<sup>149</sup> *Lbs.* 15 NF, sendibréf Skúla Magnússonar til Einars Olgeirssonar, Pekíng, stílað 16. febrúar 1959. Hér var Skúli að vitna í kínverska bók sem var rituð um för sendinefndarinnar til Íslands.

<sup>150</sup> Fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins, 25. apríl 1956.

<sup>151</sup> Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 264–266.

<sup>152</sup> Yang, Daniel S. P., „Censorship: 8 Model Works“, bls. 258–259.

hans, Þóru Vigfúsdóttur, í mánaðarreisu til Kína síðla vors 1959.<sup>153</sup> Þá hitti Chu einnig Gylfa Þ. Gíslason, þáverandi alþingismaður og síðar menntamálaráðgjafi (1956–1971) í ferð sinni. Chu bauð Gylfa að heimsækja Kína,<sup>154</sup> en átti sú ferð eftir að þurfa bíða til haustsins 1964. Þá var Kristinn E. Andrésson milliliður fyrir heimsókn mennta- og viðskiptamálaráðgjafans í gegnum sendiráð Kína í Kaupmannahöfn.<sup>155</sup>

Á 7. áratugnum hélt KÍM áfram að sinna menningartengslum við Kína og styðja baráttu þeirra fyrir alþjóðaviðurkenningu. Hér má t.d. nefna veislufund árið 1964 í tilefni af 15 ára afmæli Alþýðulýðveldisins, en meðal gesta var Yuan Lu-lin, menningarfulltrúi kínverska sendiráðsins í Kaupmannahöfn.<sup>156</sup> Hins vegar var starfsemi félagsins mun þróttminni á pólitíska sviðinu en á 6. áratugnum. Hér hefur vafalaust deila Kína og Sovétríkjanna vegið þyngst. Ekki er t.d. að sjá að KÍM hafi frá árinu 1964 til ársins 1971 haft milligöngu fyrir ferðum fólks til eða frá Kína. Á árunum 1968–71 lagðist félagið í dvala vegna þeirrar ólgu sem skapaðist í Kína í kjölfar menningarbyltingarinnar, en hún skar á mörg tengsl Kínverja við umheiminn.<sup>157</sup> Jafnframt var Jakob Benediktsson formaður mjög upptekinn á þessum árum við önnur störf og má ætla að það hafi einnig átt þátt í hve félagið var óvirkt.<sup>158</sup>

Þegar kemur að samskiptum Íslendinga við Alþýðulýðveldið Kína á fyrsta áratug eftir stofnun þess, gegndi Kínversk-íslenska menningarfélagið lykilhlutverki. Þótt félagið gefi sig nú út fyrir að vera ópólitískt menningarfélag,<sup>159</sup> þá leikur ekki vafi á því að á fyrstu áratugum þess voru markmið KÍM að hluta til pólitísk. Enda kom skýrt fram á stofnfundi þess að eitt helsta markmiðið væri að sannfæra íslensk stjórnvöld um að viðurkenna Pekín-stjórnina. Formaður KÍM, Jakob Benediktsson, notaði menningarleg tengsl félagsins við Kína til að hafa áhrif á íslensk stjórnvöld að því leyti. Langflestir félagar í KÍM voru einnig félagar í Sósíalístaflokknum. Ljóst er að stofnun félagsins ýtti frekar undir áhuga flokksins á Kína, enda áttu nokkrir sósíalistar eftir að ferðast til landsins á næstu árum, m.a. á vegum þeirra samtaka sem KÍM átti í samskiptum við. Þrátt fyrir þennan pólitísk blæ var hlutverk KÍM mun víðtækara, enda fór mest af orku félagsmanna í að skipuleggja menningarviðburði á Íslandi í þeim tilgangi að auka vitund Íslendinga á kínverskri menningu og samfélag.

<sup>153</sup> Kristinn E. Andrésson, *Byr undir vængjum*, bls. 9.

<sup>154</sup> Tölvupóstur frá Arnþóri Helgasyni, 1. janúar 2016.

<sup>155</sup> *Lbs.* 25 NF, bréf Kristins E. Andréssonar til sendiherra Kína í Kaupmannahöfn, Yuan Lu-lin, Reykjavík, ódagsett.

<sup>156</sup> *Þjóðviljinn* 9. október 1964.

<sup>157</sup> Guðrún Kvaran, „Jakob Benediktsson“, *Andvari* CXXXVI:2, bls. 62.

<sup>158</sup> Tölvupóstur frá Arnþóri Helgasyni, 12. desember 2015.

<sup>159</sup> *Vef.* Kínversk-íslenska menningarfélagið, „Um KÍM“.

## Íslenskir sósíalistar og kínverskir kommúnistar

Þótt Kínversk-Íslenska menningarfélagið hafi opnað fyrir opinber tengsl milli Íslenskra sósíalista og kínverskra kommúnista, þá átti félagið aðeins í samskiptum við þá undirstofnun kommúnistaflokksins sem sá um menningartengsl. Það féll í skaut Sósíalistaflokksins að eiga í beinum samskiptum við Kínverska kommúnistaflokkinn. Heimildir um tengsl flokkanna eru af skornum skammti, enda hafa fundagerðarbækur miðstjórnar Sósíalistaflokksins ekki enn verið gerðar aðgengilegar. Þrátt fyrir þetta skal ekki gert lítið úr þeim staðreyndum að þrívægis var Sósíalistaflokki boðið að senda nefnd til Kína, auk þess sem áhrifamenn innan flokksins tóku pólitíska afstöðu með kínverskum kommúnistum á einn eða annan hátt.

Árið 1956 bauð Kínverski kommúnistaflokkurinn þremur miðstjórnarmönnum Sósíalistaflokksins að sitja flokksþing í Kína. Þetta voru þeir Steinþór Guðmundsson varaformaður flokksins, Stefán Ögmundsson prentsmiðjustjóri og Haukur Hafstað bóndi. Björn Þorsteinsson sagnfræðingur segir frá því í bók sinni *Kínaævintýri* að hann hafi upprunarlega átt að taka sæti Hauks á flokksþinginu. Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, hefði þó viljað að Haukur færi og kom því í kring að Björn fengi í staðinn taka sæti í nýu manna sendinefnd Jakobs Benediktssonar, formanns Kínversk-Íslenska menningarfélagsins, til Kína.

Ætla má að Einar hafi ekki farið sjálfur vegna anna innan Sósíalistaflokksins, en flokkurinn var í ríkisstjórn undir merkjum Alþýðubandalagsins. Einar átti þó eftir að fara með fjölskyldu sína í ferð til Kína sumarið 1957 í boði miðstjórnar Kínverska kommúnistaflokksins.<sup>160</sup> Í ferðinni hitti Einar m.a. Liu Shaoqi, síðar forseta Kína (1959–1968), og Zhou Enlai forsætisráðherra. Einar ræddi lengi við Liu Shaoqi um sögu kínverska kommúnistaflokksins og stöðu mála heimshreyfingar kommúnismans eftir „leyniræðu“ Krústsjovs.<sup>161</sup> Hvergi kemur þó fram að þessi samtöl hafi leitt til nánari samskipti flokkanna.

Steinþór Guðmundsson flutti ræðu frá Sósíalistaflokki á flokksþingi Kínverska kommúnistaflokksins þar sem hann fór yfir sögu Íslands með sérstakri áherslu á hlutverk sósíalista í íslenskum stjórnámálum. Jafnframt ræddi hann hvernig Sósíalistaflokkurinn væri að leiða baráttuna gegn veru Bandaríkjahers á Íslandi og að nýstofnuð vinstri stjórn hefði það að höfuðmarkmiði. Að því er varðar samskipti Íslands og Kína taldi Steinþór að lítill möguleiki væri á beinum viðskiptatengslum milli ríkjanna vegna fjarlægðar og misræmis í

<sup>160</sup> *Þjóðviljinn* 21. september 1957. Sjá einnig Sólveig Kristín Einarsdóttir, *Hugsjónaeldur*, bls. 420–426.

<sup>161</sup> Einar Olgeirsson, „Harmleikur í Kína“, *Réttur* LXII:4, bls. 239–240.

framleiðslugetu. Þó benti hann á að bókmenntaarfur beggja landa væri ríkur og gætu þjóðirnar lært mikið hvorar af annari á því sviði.<sup>162</sup> Þessi áhersla á menningarsamskipti má ef til vill rekja til Kínversk-íslenska menningarfélagsins sem hafði verið stofnað nokkrum árum áður. Á meðan ferðinni stóð ræddi sendinefndin einnig við Mao formann, Zhou Enlai og Zhu De varaformann.<sup>163</sup> Hvergi virðast þeir Steinþór, Stefán og Haukur hafa greint opinberlega um hvað var rætt.

Árið 1959 fékk Sósíalístaflokkurinn aftur boð frá miðstjórn kínverska kommúnistaflokksins. Í þetta sinn átti flokkurinn að senda þrjá fulltrúa til að vera viðstaddir hátíðarhöldin í kringum tíu ára afmæli Alþýðulýðveldisins.<sup>164</sup> Sendinefndina skipuðu þeir Eggert Þorbjarnarson, fyrrverandi framkvæmdarstjóri Sósíalístaflokksins, Sigurður Guðnason fyrrverandi alþingismaður og séra Gunnar Benediktsson. Ólíkt þeirri sendinefnd Sósíalístaflokksins sem fór til Kína árið 1956 sat þessi ekki flokksþing Kínverska kommúnistaflokksins, heldur fjölmenna fundi þar sem m.a. Liu Shaoqi og Zhou Enlai héldu ræður. Eggert flutti kommúnistaflokki kveðju Sósíalístaflokksins, sem svipaði til þeirrar kveðju sem Steinþór Guðmundsson flutti á flokksþinginu árið 1956. Þó vék hann einnig að landhelgisdeilunni sem þá stóð yfir á milli Íslendinga og Breta og þakkaði Kínverjum fyrir stuðning í málinu.<sup>165</sup> En fjórum dögum eftir að Íslendingar færðu út landhelgi sína í 12 mílur, árið 1958 höfðu Kínverjar gert slíkt hið sama. Í ferðinni ræddi sendinefndin m.a. við Mao Dun menningarmálaráðherra,<sup>166</sup> en ekkert er vitað um hvað þeim fór á milli, enda létu Íslendingarnir ekkert hafa eftir sér opinberlega um þessi samtöl eftir að þeir sneru heim.

Tveim árum síðar bauð kommúnistaflokkurinn Sósíalístaflokki í þriðja og síðasta sinn að senda flokksnefnd til Kína. Í þetta sinn fóru þeir Ársæll Sigurðsson trésmiður, Björn Franzson rithöfundur, Einar Andrésson verslunarmaður, Jóhannes Jóhannesson listmálari og Sigurbjörn Björnsson garðyrkjumeistari.<sup>167</sup> Voru þeir viðstaddir hátíðarhöldin 1. október. Björn flutti erindi um ferðina á fundi KÍM nokkrum vikum eftir heimkomuna, en annars virðast nefndarmenn ekki hafa fjallað neitt um hana á opinberum vettvangi.<sup>168</sup> Þessi ferð var farin eftir að deila Kínverja og Sovétmanna var orðin opinber og kann það útskýra þögn

---

<sup>162</sup> Lbs. 15 NF, ræða Sósíalístaflokksins á 8. flokksþingi kínverska kommúnistaflokksins.

<sup>163</sup> Þjóðviljinn 13. október 1956. Sjá ljósmynd af Steinþóri, Stefáni og Hauki með Mao formanni og Zhou Enlai á flokksþinginu í grein Lofts Guttormssonar, „Alþýðulýðveldið Kína í 25 ár“ *Réttur* LVII:3, bls. 160.

<sup>164</sup> Lbs. 15 NF, bréf (með fylgiskjali um boð miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins, Pekíng, stílað 15. ágúst 1959) frá Tang Hai-kuang hjá sendiráði Kína í Kaupmannahöfn til Einars Olgeirssonar, Kaupmannahöfn, stílað 19. ágúst 1959. Ítrekunarbréf barst síðar, Kaupmannahöfn, stílað 31. ágúst 1959.

<sup>165</sup> Þjóðviljinn 2. október 1959.

<sup>166</sup> Þjóðviljinn 18. nóvember 1959.

<sup>167</sup> Þjóðviljinn 22. September 1961.

<sup>168</sup> Þjóðviljinn 26. nóvember 1961.

þeirra. Málið var enn of viðkvæmt innan Sósíalístaflokksins ef marka má Arnór Hannibalsson heimspeking í bók hans *Kommúnismi og vinstri hreyfing á Íslandi*. Þar greindi hann frá því að Einar Olgeirsson hafði fyrirskipað að engar opinbera umræður um málið mættu eiga sér stað á meðal félaga Sósíalístaflokksins.<sup>169</sup>

Chu Tunan, forseti menningarsamskipta Kína við önnur lönd, bauð Kristni E. Andréssyni, rithöfundu og miðstjórnarmanni í Sósíalístaflokki, til Kína síðla vors 1959. Þegar Kristinn og Þóra komu til Kína tóku á móti þeim félagar úr stjórn fyrrnefndra menningarsamtakanna.<sup>170</sup> Chu Tunan átti síðar eftir að kynna þeim hjónum fyrir nokkrum af ráðmönnum Kína á svölum fyrir ofan Torg hins himneska friðar.<sup>171</sup> Kristinn og Þóra sátu setningu 18. þjóðþings Kína á meðan ferð þeirra stóð. Einnig sátu þau veglegt matarboð þar sem Zhou Enlai var gestgjafi og skiluðu þau til hans kveðju frá Einari Olgeirssyni. Kristinn hafði þegar hlustað á ávarp Zhou Enlai á 21. þingi Kommúnistaflokks Sovétríkjanna fyrr sama ár og „setið með honum veislu áður í Kremlsölum“ eins og hann orðaði það.<sup>172</sup> Kristinn og Þóra sátu þá fund hjá Heimsviðarhreyfingunni í Kína og hittu þar einnig fyrrnefndan Mao Dun.<sup>173</sup> Kínverska friðarnefnd samtakanna hafði nokkrum árum áður sent Íslensku friðarnefndinni bréf með ósk um betri samskipti milli þjóðanna.<sup>174</sup> Heimsviðarhreyfingin átti uppruna sinn hjá Kommúnistaflokki Sovétríkjanna og var tengd hinni kommúnísku alþjóðahreyfingu. Kristinn var einn þriggja Íslendinga sem sátu í ráði Heimsviðarhreyfingarinnar ásamt Sigríði Eiríksdóttur formanns Félags íslenskra hjúkrunarkvenna og Halldóri Laxness rithöfundu. Halldór fór sjálfur til Kína í desember 1957 en hitti þar enga forystumenn kommúnistastjórnarinnar.<sup>175</sup>

Sigríður, sem hafði verið í framboði fyrir Sósíalístaflokkinn rúmlega áratugi áður, fór tvívegis til Kína: vorið 1956, síðan aftur vorið 1961 í boði Kínverska hjúkrunarkvennafélagsins. Aðalritari K.F.U.K. í Kína hafði árið 1956 boðið Sigríði og Rannveigu Tómasdóttur hjúkrunarfræðingi á ráðstefnu Heimsviðarhreyfingarinnar í Stokkhólmi að fylgja kínversku nefndinni aftur til Kína. Í ferðinni hafði Sigríður mikinn áhuga á að kynnast heilbrigðismálum landsins og hitti hún forystukonur í Félagi kínverskra hjúkrunarkvenna, sem átti aðild að Alþjóðasamtökum hjúkrunarfræðinga (e. *International Council of Nurses*) fyrir innrás Japana í Kína árið 1937. Sigríður var fulltrúi í samtökunum og

<sup>169</sup> Arnór Hannibalsson, *Kommúnismi og vinstri hreyfing á Íslandi*, bls. 10.

<sup>170</sup> Kristinn E. Andrésson, *Byr undir vængjum*, bls. 19.

<sup>171</sup> Sama heimild, bls. 54.

<sup>172</sup> Sama heimild, bls. 51.

<sup>173</sup> Sama heimild, bls. 60.

<sup>174</sup> Lbs. 25 NF, bréf frá Kínversku friðarnefndinni til Íslensku friðarnefndarinnar, Pekíng, stíluð 24. febrúar 1953 og 6. janúar 1954.

<sup>175</sup> Halldór Laxness, „Austrænar lærdómar“, *Tímarit Máls og menningar* XIX:2, bls. 131.



ætlaði að koma til skila þeirri ósk Félags kínverskra hjúkrunkvenna að ganga aftur í þau.<sup>176</sup> Þetta reyndist óraunsæ bón af hálfu hjúkrunarfræðinga Alþýðulýðveldisins þegar Sigríður bar hana upp á vettvangi Alþjóðasamtaka hjúkrunarfræðinga, enda töldu samtökin að á meðan Taipei-stjórnin á Taívan væri enn með sæti Kína í Sameinuðu þjóðunum þá ættu samtök landsins að koma þaðan.<sup>177</sup> Er þetta eina dæmi þess að Íslendingur hafi barist fyrir réttindum kínverskra félagasamtaka á alþjóðlegum vettvangi á meðan Alþýðulýðveldið stóð enn utan Sameinuðu þjóðanna.

Ein helsta vonarstjarna íslenskra sósíalista á 7. áratug var Magnús Kjartansson. Hann sat í miðstjórn Sósíalistaflokksins allt frá árinu 1953 þar til hann var lagður niður árið 1968. Á þessum tíma var Magnús einnig ritstjóri *Þjóðviljans* (1947–1971) og má ætla að sú staða hafi gert honum kleift að ferðast til Kína haustið 1964, enda sá *Renmin Ribao*, dagblað Kínverska kommúnistaflokksins, um skipulagningu ferðarinnar.<sup>178</sup> Í Kína tók Magnús alllangt viðtal við Liu Shaoqi. Þar spurði Magnús út í þær áhyggjur kínverskra ráðamanna að ný forrættindastétt menntamanna sem ekki þekktu til erfiðisvinnu væri að rísa upp og ógna hinu sósíalíska skipulagi. Svör Liu voru á þann veg að breyta þyrfti öllu menntakerfinu frá grunnskóla og upp í háskóla, þar sem enginn slyppi við að vinna meðfram náminu. Þannig yrði viðhaldið réttum byltingarhugsunarhætti hjá fólkinu og komið í veg fyrir „afturhvarf til kapitalisma“ hjá næstu kynslóðum. Enn fremur taldi Liu að mikilvægt væri að jafna samfélagsleg hlutverk allra með því að afmá skilin milli sveita og borga.<sup>179</sup> Magnús hitti Liu tveimur árum áður en menningarbylting Mao hófst fyrir alvöru, en greinilegt er að grunnur hafði verið lagður að helstu kennisetningum hennar.

Ekkert bendir til þess að íslenskir sósíalistar hafi komið á beinum flokkstengslum við Kommúnistaflokk Kína á 6. áratugnum Þannig minntist Einar Olgeirsson aldrei á skipulagt samstarf við kínverska kommúnista, heldur aðeins að hann hafi átt í samræðum við þá. Sama gildir um Kristinn E. Andrésson, Sigríði Eiríksdóttur og Magnús Kjartansson, en samskipti þeirra við kínverska kommúnista voru annað hvort almenns eðlis eða til að efla menningatengsl Íslands og Kína í gegnum sendiráðið þeirra í Kaupmannahöfn. Sósíalistaflokkurinn gerði hins vegar ekkert til að styrkja tengslin við Kínverja eftir að deila þeirra við Sovétríkin var orðin opinber. Ekki er heldur víst að stjórnvöld í Kína hafi yfir höfuð haft áhuga á að eiga í beinum samskiptum við Sósíalistaflokkinn. Rétt er að kínversk yfirvöld

<sup>176</sup> Sigríður Eiríksdóttir, „Ferðasögubrot frá Kínaför“, *Hjúkrunkvennablaðið* XXXII:3, bls. 5–6.

<sup>177</sup> Sigríður Eiríksdóttir, „Frá ferðalagi í Kína“, *Tímarit Hjúkrunkarfélag Íslands*, XXXVII:3, bls. 60–61. Sjá einnig minningargrein Maríu Pétursdóttur um Sigríði Eiríksdóttur í *Þjóðviljanum* 3. apríl 1986.

<sup>178</sup> Magnús Kjartansson, *Bak við bambustjaldið*, bls. 5.

<sup>179</sup> Sama heimild, bls. 175–181.

buðu flokknum þrívægis að senda nefnd manna til landsins og sat ein þeirra 8. þjóðþing Kommúnistaflokksins. Ekki er þó að sjá á þeim ræðum sem haldnar voru við þessi tilefni að Kínverjar hafi litið á íslenska Sósíalistaflokkinn sem sem mikilvægan samstarfsaðila. Vafalaust hefur fjarlægð Íslands og smæð skipt þar miklu máli.

### **Sýn íslensks námsmanns á samfélagsþróunina í Kína: SÍA-maðurinn Skúli Magnússon**

Ásamt því að hafa milligöngu um ferðir sendinefnda Íslendinga til Kína var annað markmið Kínversk-íslenska menningarfélagsins að koma á stúdentaskiptum milli landanna. Á aðalfundi félagsins árið 1957 var rætt um boð sem hefði borist um að senda tvo íslenska stúdenta til náms í Kína. Tillaga um hvort hægt væri að bjóða til Íslands kínverskum stúdentum á móti var þá borin upp. Jakob Benediktsson, formaður Kínversk-íslenska menningarfélagsins, svaraði að félagið hefði fyrir löngu boðist til að greiða fyrir íslenskukennslu kínverskra stúdenta á Íslandi og rætt það við kínverska háskólamenn sem hefðu tekið vel í það. Steinþór Guðmundsson, varaformaður Sósíalistaflokksins, hafði fengið sömu skilaboð frá forsvarsmönnum Pekíng-háskóla þegar hann fór á flokksþing Kínverska kommúnistaflokksins árið 1956.<sup>180</sup>

Á þessum árum höfðu íslensk stjórnvöld lítinn áhuga á að gegna hlutverki milliliðar fyrir námsmenn sem vildu fara til kommúnistaríkja. Því fóru slík skipti almennt gegnum Sósíalistaflokkinn eða félög tengd honum, einkum þá Einar Olgeirsson eða Kristinn E. Andrésson.<sup>181</sup> Það var Kristinn sem hafði milligöngu um það hver varð fyrir valinu að fara til Kína til náms árið 1957,<sup>182</sup> en í stað tveggja fór aðeins einn námsmaður út það ár. Það var Skúli Magnússon, sem dvaldist ytra allt frá hausti 1957 til vors 1961 og stundaði nám í kínversku og kínverskri fornheimspeki við Pekíng-háskóla. Skúli hafði ætlað sér að læra almenna heimspeki, en hann taldi að deildin væri orðin að „steingerðri [og] dogmatískri áróðursdeild“ vegna „hægrimannabramboltsins“, eins og hann orðaði það í bréfi snemma árs 1959.<sup>183</sup> Ætlast var til þess af erlendum námsmönnum að þeir stunduðu líkamlega erfiðisvinnu samhliða náminu, en slíkt var ekki óalgengt í öðrum sósíalískum löndum.<sup>184</sup> Þótt Skúli hafi

<sup>180</sup> Fundagerðabók Kínversk-íslenska menningarfélagsins, 7. maí 1957.

<sup>181</sup> Hjalti Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölin 1956–1963*, bls. 26, 126.

<sup>182</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir sósíalistar 1918–1998*, bls. 399.

<sup>183</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjörleifur Guttormsson til Hjálta Kristgerssonar, Leipzig, stílað 25. febrúar 1959. Með „hægrimannabramboltnu“ átti Skúli við stefnu Kommúnistaflokks Kína í kjölfar „hundrað blóma hreyfingarinnar“, þar sem hvatt var til gagnrýni gegn flokknum. Eftir aðeins mánuð var æðstu mönnum flokksins nóg boðið og settu þeir í gang „herferðina gegn hægrimönnum“, þar sem allt að hálf milljón manna voru ásakaðir um að vera gagnbyltingasinnaðir hægrir menn.

<sup>184</sup> Helgi Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölin 1956–1963*, bls. 42.

trúlega að mestu sloppið við það,<sup>185</sup> þá var hann samþykkur því fyrirkomulagi.<sup>186</sup>

Á því tímabili, sem Skúli dvaldist í Kína, voru stjórnvöld í að framkvæma eina stærstu landbúnaðartilraun sögunnar, hið svokallaða „stóra stökk fram á við“. Hér var um ræða átak Kínverska kommúnistaflokksins undir stjórn Mao til að fjarlægjast stefnu Sovétríkjanna og undirgefni við þau og fara sína eigin leiðir við framkvæmd sósíalismsans. Ekki þarf að fjölyrða um að þessi tilraun breyttist fljótt í martröð, manngerða hungursneyð, sem varð tugum milljóna manna að bana. Þessar og aðrar umbreytingar samfélagsins eftir valdatöku kommúnista í Kína fóru ekki framhjá Skúla og ritaði hann mikið um þær í bréfum til félaga sinna í *Sósíalistafélagi Íslendinga austantjalds* (SÍA) og annarra.

Árið 1956 stofnuðu nokkrir íslenskir námsmenn *Sósíalistafélag íslenskra stúdenta í Þýska alþýðulýðveldinu* og upp úr því framtaki spratt síðan SÍA, sem var komið á fót í ársbyrjun 1958. Hér var um að ræða félagsskap manna sem í upphafi trúðu á framkvæmd sósíalismsans undir formerkjum marx-lenínisma í Sovétríkjunum og fylgiríkjum þeirra. Allir áttu þeir að vera félagar í Sósíalistaflokknum og að hafa dvalist í sósíalísku landi í meira en hálf tveim árum fyrir inngöngu. Hér var því um pólitísk samtök að ræða sem töldu sig vera nokkurs konar útibú Sósíalistaflokksins á erlendri grundu. Tilgangur samtakanna var að upplýsa íslenska sósíalista um hvernig ástandið væri í dvalarlöndunum, halda úti almennri upplýsingarsöfnun sem gæti gagnast hreyfingu sósíalista á Íslandi,<sup>187</sup> sem og að halda þeim við efnið sem utan voru og á línu sósíalismsans.<sup>188</sup> Síðasti atriðið var ekki af ástæðulausu því að síðla árs 1957 hafði fyrrnefnt forverafélag SÍA sent Einari Olgeirsson heldur neikvæða skýrslu um það sem fyrir sjónum bar í Austur-Þýskalandi.<sup>189</sup>

Félagsmenn SÍA dreifðust helst á Austur-Þýskaland og Sovétríkin; þó voru eins manns deildir bæði starfræktar í Ungverjalandi og Kína. Skúli Magnússon, sem var eini Íslendingurinn staddur í Kína, var sjálfkjörinn deildarfulltrúi samtakanna þar. Lítið spurðist þó til hans á fyrstu mánuðum eftir aðalfund SÍA sumarið 1958 og undir lok árs bað Hjörleifur Guttormsson, formaður félagsins, Björgvin Salómonsson að grennslast fyrir um hann.<sup>190</sup> Var Skúla tjáð að á milli deilda ættu að ganga skýrslur sem greindu frá ástandinu í landi ritara. Þessar skýrslur áttu síðan að vera ræddar á fundum félagsins, sem áttu sér oftast stað hjá

<sup>185</sup> Lbs. 25 NF. Skúli Magnússon til Kristins E. Andréssonar, Pekíng, stílað 24. febrúar 1960; Helgi Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölín 1956-1963*, bls. 42.

<sup>186</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon til Hjalta Kristgeirssonar, Pekíng, stílað 5. janúar 1960.

<sup>187</sup> Helgi Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölín 1956-1963*, bls. 49-51.

<sup>188</sup> Sama heimild, bls. 52.

<sup>189</sup> Sama heimild, bls. 47-48.

<sup>190</sup> Sama heimild, bls. 49-52.

fjölmenntari deildum, svo sem í Austur-Þýskalandi. Skúli ritaði að því virðist aðeins tvær slíkar skýrslur. Þó var einnig fjallað um bréfadeilur hans við Hjalta Kristgeirsson snemma árs 1960 um eðli stjórnarfarsins í Kína og þær ræddar á fundum SÍA. Á því rúmlega ári sem Skúli var mest iðinn við bréfaskrif, 1959–1960, má greina breytingu á afstöðu hans til samfélagsástandsins í Kína.

Mikilvægt er að hafa í huga að Skúli var eini Íslendingurinn sem dvaldist í Kína til lengri tíma á þessum örlagaríku árum í sögu landsins. Því eru skýrslur og almenn bréfaskrif hans ein helsta frumheimildin sem varpar gagnrýnu ljósi á framkvæmd kínversks sósíalisma í gegnum upplifun einstaklings. Skýrslugerð Skúla var ekki í sama anda og þær jákvæðu ferðasögur Íslendinga sem heimsóttu Kína á þessum árum. Hér var að ræða gagnrýna greiningu manns sem leit á landið sem sitt tímabundna heimili. Hér var einnig ólíku saman að jafna. Þótt gera megí ráð fyrir að Skúli hafi í námi sínu í Kína verið undir eftirliti yfirvalda og stjórnenda nemaskipta,<sup>191</sup> þá voru ferðir annarra Íslendinga til landsins meira og minna skipulagðar af gestgjöfunum þar sem dregin var upp fegruð mynd af „kínversku leiðinni“.

Í fyrri skýrslu Skúla til SÍA-manna í febrúar 1959, fór ekki á milli mála að tortryggni og vonbrigði voru honum helst í huga. Þar setur hann fram þá skoðun að andlegt ástand kínversku þjóðarinnar sé mjög slæmt og hefði kommúnúvæðing sveitanna, sem kippti fótunum undan eðlilegu fjölskyldulífi, átt stóran þátt í því. Jafnframt sé landið enn of vanþróað til að láta kommúníska drauminn rætast. Fjölmíðlar hafi haldið þeirri tálýsni á lífi með því að fegra hlutina. Að dómi Skúla var því brýnt að greina og endurskoða þann marxisma sem Kínverjar fylgdu.<sup>192</sup> Ásamt því að senda félögum sínum í SÍA þessar pólitísku skýrslur, fóru einnig eintök til Einars Olgeirssonar og Jakobs Benediktssonar.<sup>193</sup>

Eftir að Hjörleifi Guttormssyni barst skýrsla Skúla lýsti hann því yfir að aðdáunarvert væri að Skúla léti þetta bága ástand ekki hafa meiri áhrif á sig en raun bar vitni. Hvatti Hjörleifur SÍA-félaga að halda góðu sambandi við Skúla, því að hann gæti „orðið merkur hlekkur í félagsskap okkar síðar“.<sup>194</sup> Slíkar áhyggjur af Skúla áttu eftir að koma aftur fyrir í skrifum Hjörleifs og benda til þess að hann hafi haft efasemdir um þróun sósíalismsins í Kína. Tal Skúla um bággt andlegt ástand í landinu kom Hjörleifi þó ekkert á óvart; það væri þannig í

<sup>191</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon, *Pólitísk skýrsla frá Kína no. 2 1959*. Hér greinir Skúli m.a. frá því að hafa verið kallaður til af „yfirmanni“ sínum þar sem honum var tjáð að markmið „stóra stökksins fram á við“ væru að rætast og að opinberu framleiðslutölurnar stæðustu.

<sup>192</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon, *Pólitísk skýrsla frá Kína no. 1 1959*.

<sup>193</sup> Lbs. 15 NF. Skúli Magnússon til Einars Olgeirssonar, Pekíng, stílað 16. febrúar 1959.

<sup>194</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjörleifi Guttormsson til Hjalta Kristgeirssonar, Leipzig, stílað 25. febrúar 1959.

flestum sósíalískum ríkjum. Það mætti skýra á þann veg að „vitund fólksins [væri] oftast eitthvað eftir fyrirskipununum ofan frá“. Hjörleifur viðhafði einnig gagnrýni á fréttáflutningi í Kína, enda þekkti hann til kínverskra stúdenta í Austur-Þýskalandi og tók eftir ákveðnum tóni í blöðum frá landinu þar sem „[slagorð væru] látin ganga fyrir rökum“. Allt var þetta þó aðeins hluti af „gelgjuskeiði umbyltingarinnar“ og tóku félagsmenn SÍA í svipaðan streng á fundi sínum í apríl sama ár.<sup>195</sup> Hér var því aðeins um að ræða nauðsynleg skref Kínverska kommúnistaflokksins í þróun og verndun sósíalismans að mati félagsmanna og formanns SÍA.

Skúli sendi frá sér aðra pólitíska skýrslu í apríl 1959. Þar fór hann ofan í saumana á framkvæmd „stóra stökksins fram á við“ og greindi frá þeirri dökku hlið sem hann hafði sjálfur orðið vitni að í tengslum við hana. Þótt hugmyndin um að virkja framkvæmdaranda fólksins – og knýja þannig í krafti fjöldans fram efnahagslegt kraftaverk – væri sjálfu sér góð, þá átti hann erfitt með að trúá þeim framleiðslutölum sem komu í kjölfarið og birtar voru í fjölmiðlum: „Nú skyldi maður ætla, með allri þessari framleiðslu, að allt væri hér fljótandi af vörum í framboði. Raunveruleikinn er allur annar. Vöruskortur hefur verið hér mjög tilfinnanlegur síðan í okt., nóv! [...] [A]nnars vegar les maður og heyrir um alla framleiðsluaukninguna, hins vegar þreifar maður á skortinum.“<sup>196</sup> Andstætt þeirri fyrri hafði Hjörleifur lítið um seinni skýrslu Skúla að segja beint og vitnaði heldur í bresku vinstri mennina Kingsley Martin og Richard Crossman, sem báðir höfðu nýlega ferðast til Kína, til færa rök gegn mörgu því sem Skúli kom að í bréfi sínu, eins og meintri eyðileggingu kínversks fjölskyldulífs vegna kommúnuvæðingarinnar.<sup>197</sup>

Þeir félagsmenn SÍA, sem stunduðu nám við háskóla í Sovétríkjunum og öðrum austantaldsríkjum á þessum árum, voru að feta í fótspor sósíalista sem höfðu gert slíkt hið sama á 3. og 4. áratugnum. Tilgangur náms þeirra Íslendinga sem til Sovétríkjanna fóru á þeim tíma – sérstaklega þegar kom að Lenínskólanum – var að þjálfa upp menn sem gætu fylgt réttlínu marx-lenínismans í heimalandi sínu og stuðlað að framgöngu hennar. Þeir nemar sem sýndu merki um andstöðu gagnvart þessari innrætingu voru oftast en ekki sendir heim.<sup>198</sup> Þótt ekki hefði verið tekið eins harkalega á efasemdarmönnum meðal erlendra námsmanna í Sovétríkjunum á 6. áratugnum þá voru fræðin enn gegnsýrð af marx-leníniskum og

<sup>195</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjörleifur Guttormsson til Skúla Magnússonar, Leipzig, stílað 26. febrúar 1959; *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), fundagerð DDR-deildar SÍA 1956-1959, 11. og 12. apríl 1959.

<sup>196</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon, *Pólitísk skýrsla frá Kína no. 2 1959*.

<sup>197</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjörleifur Guttormsson til Skúla Magnússonar, Leipzig, stílað 25. apríl 1959.

<sup>198</sup> Jón Ólafsson, „Í læri hjá Komintern“, *Ný saga IX*:1, bls. 13.

stalínískum rétttrúnaði.<sup>199</sup>

Eins og komið var fram má vel ætla að Skúli Magnússon hafi verið undir einhverju eftirliti meðan hann stundaði nám sitt í Kína. Ekki er þó hægt að sjá að honum hafi verið meinað að hafa gagnrýnt viðhorf gagnvart því sem hann upplifði á meðan dvöl hans stóð, enda skiluðu bréf sér til hans og frá honum. Bréfin voru þó ekki send beint til hans, heldur á deild erlendra nema við Pekíngháskóla,<sup>200</sup> sem síðan komu þeim til skila. Velta má því fyrir sér hvort ástæða þess að bréfasendingarnar voru ekki stöðvaðar – í ljósi þess að frelsi til að gagnrýna yfirvöld var stórlega skert eftir „herferðina gegn hægrimönnum“ – hafi einfaldlega verið sú að enginn líklegur ritskoðandi skildi íslensku. Frekari stoð undir þá kenningu er sú að Skúli var að segja frá hlutum sem reynt var að hylma yfir, en áttu síðar eftir að reynast sannir.

Síðla vors 1959 sótti Kristinn E. Andrésson Kína heim ásamt eiginkonu sinni, Þóru Vigfúsdóttur. Skúli hitti Kristinn í ferðinni og reyndi að útskýra fyrir honum að ástand landsins væri ekki gott. Kristinn vildi lítið af því heyra samkæmt frásögn Skúla.<sup>201</sup> Í kjölfar ferðarinnar hóf Kristinn að rita frásögn af eigin upplifun og sögu Kína í samhengi byltingarinnar.<sup>202</sup> Skúli heyrði af þessum skrifum Kristins og ráðlagði honum frá því að birta þau. Upplifun hans, sem opinber gestur kínversku ríkisstjórnarinnar, væri engan veginn lýsandi fyrir hið raunverulega ástand í Kína,<sup>203</sup> sem Skúli var farinn að hafa verulegar áhyggjur af. Kristinn lét ekki til segjast og bók hans, *Byr undir vængjum*, kom út undir lok árs 1959, en í henni fór hann jákvæðum orðum um sósíalismann í Kína og lýsti honum sem hluta af „samkór fagnandi lífs á jörðu“.<sup>204</sup> Bæði Jóhannes úr Kötlum og ritstjórn *Þjóðviljans* fór fögrum orðum um bók Kristins.<sup>205</sup> Hins vegar gaf Einar Bragi Sigurðsson skáld bókinni mjög neikvæða gagnrýni og sagði m.a. innihald hennar sem ferðasögu rýrt og að Kristinn hefði betur geta gefið hana út sem grein í *Tímariti Máls og menningar*.<sup>206</sup>

Eftir að Skúli hafði lesið bókina skrifaði hann Kristni að almennt væri meira mark takandi á lýsingu hans sjálfs, enda hefði komið á daginn að opinberu framleiðslutölur „stóra stökksins“ væru rangar, eins og hann hefði leitt líkum að í pólitísku skýrslunum. Hann talaði

<sup>199</sup> Árni Bergmann, *Eitt á ég samt*, bls. 69–70.

<sup>200</sup> *Lbs.* Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjörleifur Guttormsson til Hjalta Kristgeirssonar, Leipzig, stílað 25. febrúar 1959.

<sup>201</sup> *Lbs.* 25 NF. Skúli Magnússon til Kristins E. Andréssonar, Pekíng, stílað 30. mars 1960.

<sup>202</sup> Fleiri íslenskir sósíalistar rituðu sögulegar bækur um Kína í ljósi byltingar Kommúnistaflokksins. Sjá Magnús Kjartansson, *Bak við bambustjaldid*; Sverrir Kristjánsson, *Bókin um Kína*.

<sup>203</sup> *Lbs.* 25 NF. Skúli Magnússon til Kristins E. Andréssonar, Pekíng, stílað 8. desember 1959.

<sup>204</sup> Kristinn E. Andrésson, *Byr undir vængjum*, bls. 53.

<sup>205</sup> *Þjóðviljinn* 17. desember 1959; *Þjóðviljinn* 19. febrúar 1960.

<sup>206</sup> Einar Bragi Sigurðsson, „Kristinn E. Andrésson. Byr undir vængjum. Ferðasaga frá Kína“, *Birtingur* VII:4–5, bls. 55–59.

kínversku og ólíkt öðrum Íslendingum sem komu til Kína í stuttar heimsóknir – undir umsjón kínverskra ráðamanna – bjó hann í landinu. Tók hann þó fram að hann einn gæti ekki gefið heildarmynd af hinu slæma ástandi landsins, en hvatti menn til að vera gagnrýnni.<sup>207</sup>

Greinilegt var að Kristinn hefði fallið í sama blekkingavef kínverskra yfirvalda og aðrir íslenskir ferðalangar. Skúli taldi að viljandi væri verið að villa um fyrir fólki og gefa þeim ranga mynd af ástandinu í landinu.<sup>208</sup> Kristinn var ekki sá eini sem virtist hundsá eða gera lítið úr áhyggjum Skúla, því að snemma árs 1960 upphófst mikil ritdeila á milli hans og Hjalta Kristgeirssonar um hvernig skyldi túlka upplifanir Skúla um framkvæmd sósíalismsins í Kína – en deilan var birt nánast í heild sinni í *Rauðu bókinni* sem Samtök ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík gaf út árið 1963.<sup>209</sup>

Ekki fer á milli mála að á meðan dvöl Skúla stóð var erfitt að komast undan pólitískri innrætingu í náminu. Af öllum ríkjum sem félagar SÍA stunduðu nám í var Kína einna verst þegar kom að slíkum rétttrúnaði.<sup>210</sup> Eins og minnst var á áður var heimspekideildin, sem hann stundaði sitt nám við, orðin að áróðursvél fyrir Kínverska kommúnistaflokkinn. Því vandaði Skúli val sitt áföngum til að forðast slíka kennslu. Eftir að hafa lesið eintök af *Vanda*,<sup>211</sup> félagsblaði SÍA, gerði Skúli sér grein fyrir því að aðrir félagsmenn voru talsvert ginkeyptari en hann fyrir framkvæmd sósíalismsins í dvalarlöndum sínum. Þótt upplifun hans væri aðeins bundin við Kína, fullyrti hann að hvergi annars staðar væri jafn auðvelt að „sjá í gegnum allan byssnesinn“<sup>212</sup> – þ.e. að greina ósamræmið milli kennisetninga og framkvæmdar. Hjalti Kristgeirsson tók ekki vel í skoðanir Skúla og ýjaði að hann væri að „styðja [...] afturgöngu auðvaldsins“.<sup>213</sup> Hann taldi að Íslendingar ættu almennt ekki að gera neikvæða upplifun sinni

<sup>207</sup> Lbs. 25 NF. Skúli Magnússon til Kristins E. Andrésssonar, Pekíng, stílað 30. mars 1960.

<sup>208</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), fundagerð aðalfundar SÍA, Leipzig, stílað 27.–31. desember 1959.

<sup>209</sup> *Rauða bókinn – leyniskýrslur SÍA* var fyrst gefin út árið 1963 af Heimdalli, samtökum ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hér var um að ræða stolnar skýrslur og bréf sem höfðu farið á milli félagsmanna SÍA. Helgi Hannesson sagði frá atvikinu í bók sinni *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA–skjölin 1956–1963* að þessum skýrslur hefði verið stolið úr fórum Skúla Magnússonar er hann fluttist til sinna heimahaga á Bíldudal eftir komuna frá Kína. Bróðir Skúla átti að hafa varðveitt ýmis gögn hans í Kópavogi og þeim síðan stolið í innbroti. Síðar kom í ljós að um var að ræða Halldór Þorstein Briem, stuðningsmann Sjálfstæðisflokksins. Hannes Hólmsteinn Gissurarson segir í bók sinni *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* að Halldór hafi ekki brotist inn til bróður Skúla, heldur tekið gögnin ófrjálsri hendi er hann rakst á þau í kassa í sjópósti, en Halldór var hafnarverkamaður. Hluti gagnanna hafði þegar verið birtur á síðum *Morgunblaðsins* allt frá apríl 1962, líklega sem áróðurstól gegn Alþýðubandalaginu í aðdraganda sveitastjórnarkosninganna það ár og alþingskosninganna ári síðar.

<sup>210</sup> Helgi Hannesson, *Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds og SÍA–skjölin 1956–1963*, bls. 44. Tilvitnun í viðtal höfundar við Hjalta Kristgeirsson þann 8. maí 1985.

<sup>211</sup> *Vandi* var félagsblað SÍA sem sent var á milli meðlima þess. Í því kom fram greiningar á ástandi námslandanna og ýmist annað efni sem tengdist sósíalisma. Blaðið kom lengi vel aðeins út í undir 50 eintökum.

<sup>212</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon til Hjalta Kristgeirssonar, Pekíng, stílað 13. desember 1959.

<sup>213</sup> Skúli Magnússon hafði kallað góða umfjöllun Björgvins Salómonssonar um Boris Pasternak í *Vanda* merki um að á meðal félagsmanna SÍA væru ekki allir orðnir „skorþnaðir myglupokar“. Þessum ummælum tók Hjalti

í löndum sósíalísmans að lokadómi um samfélagsþróunina. Þeir ættu að gera sér grein fyrir að þau vandamál sem ríkin væru að ganga í gegnum væru tilkomin vegna galla yfirbyggingarinnar,<sup>214</sup> en ekki vegna tilrauna sósíalísta til að laga þá.<sup>215</sup>

Skúli hélt áfram að lýsa í smáatriðum þeirri ógnarstjórn sem alþýðan í Kína væri beitt ef hún kvittaði ekki upp á flokkslínuna, þar sem óttinn væri helsti drifkraftur framkvæmda og hlýðni. Lykilsetning Skúla var: „kerfið er despótískt“.<sup>216</sup> Honum var hreinlega ekki skemmt hversu lítið Hjalti og aðrir gerðu úr þessum áhyggjum sínum. Miklar málalengingar og túlkanir á orðum Skúla fóru á milli manna innan raða SÍA-deilda Austur-Þýskalands og Tékkóslóvakíu. Þar var lagður trúnaður á margt og áhyggjur hans viðurkenndar. Þó var honum ráðlagt að komast að því á fræðilegan hátt af hverju túlkanir kínverskra ráðamanna á marxísmannum hafi getið af sér svona slæma þróun, frekar en að sætta sig við einstrengingslega fordæmingu.<sup>217</sup> Hjörleifur Guttormsson hélt áfram að hafa áhyggjur af Skúla, aðstæðum hans og andlegu ástandi: „Pilturinn [er] greinilega í töluverðum sálarháska staddur, og óvíst hver endirinn verður, ef ekki kæmi til [f]élagsskapurinn“.<sup>218</sup>

Þegar Skúli snéri aftur til Íslands eftir að námi hans lauk ætlaði Arnór Hannibalsson, félagi úr Moskvudeild SÍA, að birta viðtal við hann í *Þjóðviljanum*. Arnór hafði fengið eintak af pólitískum skýrslum Skúla meðan hann dvaldist í Sovétríkjunum og vissi því vel hvert viðhorf hans var til ástandsins í Kína. Í viðtalinu sagði Skúli frá því að „kínverskir hermenn hefðu stráðrepið bændur á örkum á tímum „stóra stökksins fram á við““. Sigurður Guðmundsson ritstjóri blaðsins þvertók hins vegar fyrir það að birta viðtalið.<sup>219</sup> Ekki var þetta í eina skiptið sem Arnór kom að lokuðum dyrum hjá málögnum íslenskra sósíalísta eftir heimkomuna frá Sovétríkjunum.<sup>220</sup> Ljóst er að á þeim tíma sem Skúli Magnússon var í Kína varð hann vitni að miklum óhugnaði, jafnvel beinu ofbeldi af hálfu einstaklinga hliðholla

---

Kristgeisson ekki vel og sagðist „heldur [vilja] heita slíkur en styðja in theory eða in praxis afturgöngu auðvaldsins“. Í ljósi þess að Skúli hafði sagt að slík umfjöllun um Pasternak hefði umsvifalaust verið fordæmd í Kína sem endurskoðunar- og hægrisinnuð, má vel glítt í örlitla kaldhæðni.

<sup>214</sup> Yfirbygging er hugtak í marxískum fræðum. Samfélagi er skipt í undir- og yfirbygging og er hið fyrnefnda heiti yfir öll framleiðsluöfl innan þess. Yfirbyggingin er hins vegar allt sem ekki hefur efnislegt (e. materialism) eðli en mótar þó framleiðsluöflin; t.d. pólitík, lög, menntun, menning og trú.

<sup>215</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjalti Kristgeirsson til Skúla Magnússonar, Búdapest, stílað 29. desember 1959.

<sup>216</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon til Hjalta Kristgeirssonar, Peking, stílað 5. janúar 1960.

<sup>217</sup> *Rauða bókin – leyniskýrslur SÍA*, bls. 79–91.

<sup>218</sup> Lbs. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Hjörleifur Guttormsson til Hjalta Kristgeirssonar, Leipzig, stílað 30. janúar 1960.

<sup>219</sup> Árni Snævarr, Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu*, bls. 185–186. Tilvitnun fengin frá Árna, en hann er að vitna í orð Arnórs Hannibalssonar.

<sup>220</sup> Á svipuðum tíma var nokkrum gagnrýnum greinum Arnórs gagnvart stjórnarháttum í Sovétríkjunum hafnað af ritstjórum *Réttis*, *Þjóðviljans* og *Tímaríts Máls og menningar*. Sjá Hannes Hólmsteinn Gissurason, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, bls. 387–390.



kommúnistum.<sup>221</sup> Jafnframt talaði hann tæpitungulaust við Íslendinga sem ferðuðust til Kína á sama tíma og hann stundaði sitt nám þar. Greindi hann m.a. íslenskri sendinefnd frá því haustið 1960 að hungursneyð væri svo mikil í landinu að fólk neyddist til að borða lauf af trjám.<sup>222</sup>

Eftir heimkomuna til Íslands fór lítið fyrir Skúla á pólitíska sviðinu og gerðist hann kennari á Bíldudal.<sup>223</sup> Hann hefur þó haldið uppi gagnrýni um stjórn Kínverska kommúnistaflokksins undir Mao allar götur síðan.<sup>224</sup> Ef á heildina er lítið voru skrif Skúla frá Kína til sinna féлага, hvort sem um gagnrýni eða hrós til kínverskra yfirvalda var að ræða, merki um ákveðið hugrekki. Þótt gagnrýni hans hafi verið óvægin á sínum tíma (ef miðað er við þær upplýsingar sem félagsmenn SÍA og aðrir höfðu á þessum tíma) þá hefur sagan leitt í ljós að flest ef ekki allt sem hann greindi frá átti sér stað. Í svörum sínum vörpuðu félagar Skúla í SÍA fram ákveðinni óskhyggju í bland við fræðilega gagnrýni út frá marxísku sjónarhorni um að það sem hann greindi frá í bréfum sínum væri aðeins tímabundið ástand og að lokatakmark um fullkomlega kommúnískt samfélag væri ráðamönnum í Kína efst í huga. Sumir sósíalistar heima á Íslandi voru meðvitaðir um gagnrýni Skúla, þ.á.m. Einar Olgeirsson, en ekki er að sjá af skrifum t.d. *Þjóðviljans* að nokkuð af henni hafi átt að koma fyrir augu landsmanna.

## Niðurstöður

Þegar kínverskir kommúnistar stóðu uppi sem sigurvegarar í borgarastyrjöldinni í Kína árið 1949 varð íslenskum sósíalístum ljóst að stofnun Alþýðulýðveldisins markaði tímamót í hinni alþjóðlegu baráttu gegn auðvaldinu. Kínverska þjóðin hefði tekið sæti með Sovétmönnum og fylgipjóðum þeirra gegn Vesturveldunum. Kínverska byltingin styrkti menn í trú um að gangur sögunnar stefndi í átt að sósíalisma. Fyrir marga sósíalista var það grundvallaratriði að stofnun Alþýðulýðveldisins Kína fengi þá athygli og stuðning sem henni bar. Þeir litu svo á að dregist hefði úr hömlu að stofna aftur til menningarsamskipta við Sovétríkin eftir að Sovétvinafélagið var lagt niður árið 1938. Það athafnaleysi mátti ekki endurtaka sig nú: Þremur árum eftir að félagið Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna var stofnað árið 1950 komu kunnir íslenskir sósíalistar á fót Kínversk-

---

<sup>221</sup> Óformlegt símaviðtal við Skúla Magnússon, 27. nóvember 2015; *Lbs*. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), Skúli Magnússon til Hjalta Kristgeirssonar, Peking, stílað 5. janúar 1959.

<sup>222</sup> Hannes Sigfússon, *Framhaldslíf förumanns*, bls. 184.

<sup>223</sup> *Lbs*. Aðföng 27. mars 1984 (Skjöl SÍA), fundagerð DDR-deildar SÍA, 25. febrúar 1962.

<sup>224</sup> *Morgunblaðið* 21. september 1986; Skúli Magnússon, „Eitt stykki – einu stykki of mikið“, *Þjóðmál* III:4, 53–60; Óformlegt símaviðtal við Skúla Magnússon, 27. nóvember 2015.

Íslenska menningarfélaginu. Sama ár hafði Íslensku friðarnefndinni borist ósk um samstarf frá kínversku systursamtökunum. Þetta varð upphafið að beinum samskiptum félaga, sem tengdust Sósíalístaflokki, við Alþýðulýðveldið Kína. Allt fram tilmennningarbyltingarinnar undir lok 7. áratugarins vann Kínversk-Íslenska menningarfélagið leynt og ljóst að því að fá Íslensk stjórnvöld til að viðurkenna kommúníastjórnina í Kína ásamt því að kynna kínverska menningu fyrir Íslendingum.

Ekki var það einungis Kínversk-Íslenska menningarfélagið sem vildi treysta böndin við Kína. Staða Alþýðulýðveldisins á alþjóðavettvangi eftir byltinguna var í raun flestum Íslenskum sósíalístum hugleikin. Í ljósi ítaka Bandaríkjamanna á Íslandi og áhrif þeirra á utanríkisstefnu Íslands í krafti hersetunnar þá varð það kappsmál að gagnrýna Bandaríkjastjórn og fordæma stuðning hennar við stjórn og stuðningsmenn Chiang Kai-sheks á Taívan. Ísland skar sig úr því leyti að önnur Norðurlönd höfðu strax árið 1950 ákveðið að viðurkenna Alþýðulýðveldið. Sú afstaða Íslenskra stjórnvalda að viðurkenna áfram stjórnina á Taívan fór mjög fyrir brjóstið á sósíalístum. Það væri merki um áframhaldandi undirlægjuskap Íslenskra stjórnvalda í garð Bandaríkjana.

Það var ekki fyrr en í kjölfar stefnubreytingar Bandaríkjastjórnar undir lok 7. áratugarins að afstaða Íslands breyttist. Að mati Íslenskra sósíalista mátti rekja sinnaskipti Bandaríkjamanna til þess að þeim væri ekki lengur stutt á verja stefnu gagnvart Alþýðulýðveldinu á alþjóðavettvangi sem og til óvinsæls stríðsreksturs þeirra í Víetnam. Viðurkenning Íslands á Alþýðulýðveldinu árið 1971 kom þó ekki til vegna baráttu sósíalista eða KÍM – en starfsemi félagsins lá niðri á árunum 1968–1971 – heldur fremur vegna breyttra aðstæðna í alþjóðamálum. Þó er enginn vafi á því að myndun vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar hafði áhrif á stefnubreytinguna, enda var utanríkisstefnan í meginráttum önnur en utanríkisstefna viðreisnarstjórnarinnar sem stýrði landinu á tímabilinu 1959–1971.

Tengsl Íslenskra sósíalista við kommúnistaríkin hafa verið gagnrýnd, enda voru vafalaust margir meðvitaðir um skipulögð voðaverk af hálfu stjórnvalda í þessum löndum. Hvað Kína varðar fullyrtu flestir þeir Íslendingar sem ferðuðust til landsins á fyrstu árunum eftir byltinguna að þeir hefðu ekki orðið varir við fátækt eða ofbeldi. Það má væntanlega rekja til eftirlits stjórnvalda sem stjórnðu því sem gestirnir fengu að sjá meðan á heimsókn þeirra stóð. Vafalaust hefur þó vera Skúla Magnússonar í Kína á einum helstu umbrotatímum landsins haft einhver áhrif á viðhorf Íslenskra sósíalista til Kína þegar fram liðu stundir. Margir þeirra vissu um gagnrýni hans á stjórnskipulagið, en hún átti mikinn rétt á sér, eins og síðar kom í ljós, jafnvel þótt menn lögðu mismikinn trúnað á orð hans á meðan hann var enn

staddur í Kína. Kristinn E. Andrésson lét t.d. gagnrýni Skúla sem vind um eyrun þjóta ef marka má bók hans *Byr undir vængjum* um ferð sína til Kína árið 1959.

Stefna Sósíalístaflokksins gagnvart Kína á 6. áratugnum birtist á síðum *Þjóðviljans*, *Réttar* og annara blaða tengdum flokknum. Flokkurinn studdi hina sósíalísku tilraun Kínverja, eins og kom skýrt fram á opinberum vettvangi. Það sama var uppi á teningnum í greinum og bókum íslenskra sósíalísta sem sóttu Kína heim. Þetta jákvæða viðhorf endurspegladist í þeim ræðum sem sendinefndir Sósíalístaflokksins héldu til heiðurs Kínverska kommúnístaflokknum á árunum 1956 og 1959. Á 6. áratugnum höfðu íslenskir sósíalistar í raun enga haldbæra ástæðu til að tala niður eða þegja um hvernig Kínverski kommúnístaflokkurinn stjórnaði landinu. Út á við voru samskipti Kínverja við Sovétríkin enn jákvæð og því í samræmi við þær væntingar sem íslenskir sósíalistar gerðu til alþjóðahreyfingar kommúnismans.

Eftir að deila Kínverja og Sovétmanna varð opinber í upphafi 7. áratugarins varð erfiðara að réttlæta stefnu Maos, þótt ekki megi finna nein merki um að flokksmenn hafi fundist þeir knúnir til að gagnrýna af neinni alvöru afstöðu Kínverja til Sovétríkjanna, sem þeir töldu vera afturhaldssinnað gagnbyltingarafi í heiminum. Þögnin nægði og þegar leið fram á 7. áratuginn varð hún nær algjör. Hvað raunverulega afstöðu marga úr gömlu flokksforystu Sósíalístaflokksins varðar virðist þó enginn einhugur hafa verið í málinu. Fyrir suma varð stuðningur við málstað Kínverja annað hvort tilkominn vegna gremju út í afneitun sovéskra yfirvalda á arfleið Stalíns eða vegna þess þeir töldu sig ekki þurfa taka skýra afstöðu með eða á móti. Líklega töldu margir að það skipti litlu máli að einstaka menn styddu Kínverja ef opinber afstaða Sósíalístaflokksins yrði hlutlaus. Hins vegar er ljóst að helstu áhrifamenn Sósíalístaflokksins tóku málstað Sovétmanna í deilunni við Kínverja. Þeir töldu ekkert benda til að stjórn málaþróunin í Kína á 7. áratugnum hefði verið Kínverjum til framdráttar, hvorki í innan- eða utanríkismálum.

Menningarbyltingin átti eftir að draga enn frekar úr stuðningi íslenskra sósíalísta við Kína, enda dró mjög úr lofi þeirra á framkvæmd sósíalísmans þar upp úr því. Þegar kom að samskiptum Kínverja og Vesturveldanna voru sósíalistar vissulega enn á bandi Kínverja. En fáir þeirra tóku upp hanskann fyrir Kínverja í deilunni við Sovétmenn. Því má segja að um vaxandi áhugaleysis hafi gætt í garð Kína, sérstaklega hjá þeim sem vildu hvorki auka tengsl við Kínverja né eiga í beinum flokkstengslum við sovéska flokkinn. Hlutleysi eða þögn varð í raun ákveðin afneitun út á við um hina raunverulegu stöðu mála.

Ef miða má upphaf beinna flokkstengsla Kínverska kommúnístaflokksins og Sósíalístaflokksins við þriggja manna sendinefndina sem sat 8. flokkþingið í Kína árið 1956

þá var glugginn að frekari samskiptum ekki opinn lengi. Síðasta sendinefnd Sósíalístaflokksins fór til Kína í boði Kommúnístaflokksins árið 1961 og eftir það eru ekki merki um frekari tengsl sem túlka mætti sem opinber. Eftir að deila Kínverja og Sovétmanna kom upp á yfirborð snarfækkaði ferðum Íslendinga til Kína og er hægt að telja þá sem fóru eftir árið 1962 og út áratuginn á annari hendi.

Þegar upp var staðið var Kína fjarlæggt og framandi land í augum sósíalista. Kínverski kommúnístaflokkurinn hefði að mörgu leyti reynst sundrandi afl sem markaði utanríkisstefnu sem fyrst birtist í stuðningi við Sovétríkin og síðar í andstöðu við þau. Fyrir íslenskan flokk eins og Sósíalístaflokkinn, sem naut 15–20% fylgis í kosningum, skipti meira máli að rækta samskiptin við Sovétríkin og önnur ríki Austur-Evrópu, ekki síst Austur-Þýskaland.

Eftir viðurkenningu Íslands á Alþýðulýðveldin árið 1971 komust opinber samskipti Íslands og Kína í eðlilegra horf. Ári síðar var komið á fót kínversku sendiráði í Reykjavík. Jafnframt hófust heimsóknir til Kína aftur eftir að hafa legið niðri í nokkur ár. Ætla má að fyrstu Íslendingarnir sem ferðuðust til Kína sem almennir ferðamenn hafi verið hjónin Kristbjörg Kjeld leikkona og Guðmundur Steinsson leikritahöfundur árið 1973. Í gegnum KÍM fóru sendinefndaskipti aftur af stað milli landanna og undir lok 7. áratugarins voru fjórir Íslendingar við nám við Pekíng-háskóla, þau Tryggvi Harðarson, síðar sveitastjóri Þingeyjarsveitar, Ragnar Baldursson, síðar sendiráðsritari í sendiráði Íslands í Pekíng, Edda Kristjánsdóttir kennari og Hjörleifur Sveinbjörnsson þýðandi.

Eftir viðurkenninguna urðu einnig breytingar á samskiptum íslenskra sósíalista og við Kína. Eftir að helsta pólitíska markmiði KÍM hafði náðst einbeitti félagið sér alfarið að menningarsamskiptum og gaf sig út fyrir að vera ópólitískt. Hins vegar voru stofnaðir tveir maoískir stjórn mála flokkar hér í kjölfar þess hreyfingar maoista spruttu upp í Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og víðar í Evrópu. Þessir flokkar, Einingarsamtök kommúnista (m-1) og Kommúnístaflokkur Íslands (m-1), lögðu báðir mikla áherslu á flokksaga og fylgispekt við rétta túlkun á heimssýn Mao, sem snéri oft að stuðningi við sósíalískar hreyfingar í þriðja heiminum. Jafnframt voru þeir andsnúnir samstarfi við Alþýðubandalagið eða Fylkinguna (sem þá var orðin að helstu samtökum trotskíista) og hvorn annan. Þessir flokkar höfðu þó takmörkuð áhrif og starfsemi þeirra lognaðist út af 9. áratugnum.

Undir lok 8. áratugarins komst Deng Xiaoping til valda í Kína og hóf vegferð landsins í átt að markaðshagkerfi undir stjórn Kommúnístaflokksins. Deng setti einnig fram loforð um að stjórnin myndi aldrei aftur ráðast í jafn viðamiklar samfélagstilraunir og „stóra stökkið fram á við“ eða menningarbyltinguna. Á 9. áratug leit út fyrir að lýðræðisvakning væri að eiga sér stað í Kína, en voru þær vonir urðu að engu þegar fjölmennum stúdentamótmælum árið

1989 á Torgi hins himneska friðar lauk með því að herinn stöðvaði mótmælin með valdi. Viðbrögð Íslendinga voru að fordæma athæfið, sama hvar fólk staðsetti sig á hinu pólitíska litrófi. Hélt það í hendur með þeim lýðræðisáköllum sem hófust um alla Austur-Evrópu sama ár.

Þó dró mikið úr slíkri fordæmingu á 10. áratugnum þegar þjóðir heims kepptust um að taka upp frekari viðskipti við hina ört stækkandi kínversku þjóð. Ísland var þar enginn eftirbátur og árið 1994 heimsótti Davíð Oddsson, forsætisráðherra, Kína í tilefni opunar sendiráðs í Pekíng ári síðar. Einnig fór hann til að tala fyrir bættum tengslum ríkjanna á grundvelli viðskipta. Árið 2014 tók síðan í gildi fríverslunarsamningur á milli landanna, en sú vegferð sem leiddi til samningsins hófst árið 2005 og var undirritun hans eitt af síðustu verkum vinstri stjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur árið 2013.

Viðhorf vinstri hreyfingar Íslendinga til Kína hafa því breyst frá því að styðja sjálfsákvörðunarrétt kínverska yfirvalda á mestu átakatímum kalda stríðsins, yfir í fordæmingu á einræðistilburðum Kommúnistaflokksins. Í dag er afstaðan blanda af hvoru tveggja. Mannréttindabrot eru fordæmd á meðan Ísland heldur áfram að eiga í efnahagslegu raunsæissambandi við Kína. Hvað samskipti Íslands og Kína varðar snerust þau ekki lengur um flokkspólitík eins og á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Á tímum Sósíalistaflokksins hafði stefnan gagnvart Alþýðulýðveldinu ekki aðeins tekið mið af hagsmunum Íslands, heldur einnig af hagsmunum alþjóðahreyfingar kommúnismans. Kína varð aðeins önnur rós í hnappagat þeirrar hreyfingar og stýrðust viðhorf sósíalista gagnvart ríkinu ekki af efnahagssjónarmiðum, heldur pólitískri hugmyndafræði. Þessi alþjóðahreyfing átti sér þó sögulegt forysturíki, Sovétríkin, sem sósíalistar vildu virða fram að innrásinni í Tékkóslóvakíu árið 1968. Eftir að samskipti Kína og Sovétríkjanna kólnuðu í lok 6. áratugarins var hollusta íslenskra sósíalista við Sovétmenn aldrei í vafa. Fyrir þeim var Kína mikilvægur samherji í baráttunni gegn heimsvaldsstefnu Vesturveldanna, þó aldrei það ríki sem væri treystandi að leiða þá baráttu, eins og Sovétríkin.

## Heimildaskrá

### 1. Óprentaðar heimildir

#### Skjalasöfn

*Lbs.* (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritadeild) 15 NF. Gögn Einars Olgeirssonar.

*Lbs.* 25 NF. Gögn Kristins E. Andréssonar og Þóru Vigfúsdóttur.

*Lbs.* 214 NF. Gögn Sósíalistafélags Reykjavíkur.

*Lbs.* Aðföng 27. mars 1984. SÍA-skjöl (Sósíalistafélag Íslendinga austantjalds).

*Lbs.* Aðföng 16. október 2014. Gjörðabók framkvæmdanefndar Sósíalistaflokks 1964–1970.

#### Munnlegar heimildir

Óformlegt símaviðtal við Skúla Magnússon, 27. nóvember 2015.

#### Gögn í einkaeigu

Fundargerðarbók Kínversk-íslenska menningarfélagsins 1953–1960, 1975–1987.

#### Vefheimildir

*Vef.* Alþingi, „Breytt stefna í utanríkismálum“, 158. mál, þingsályktunartillaga, 91. löggjafarþing 1970–1971, <http://www.althingi.is/altext/91/s/pdf/0200.pdf>. Skoðað 7. janúar 2016.

*Vef.* Alþingi, „Friðar- og sáttartilraunir á alþjóða-vettvangi“, 159. mál, þingsályktunartillaga, 70. löggjafarþing 1950–1951, <http://www.althingi.is/altext/70/s/pdf/0550.pdf>. Skoðað 7. janúar 2016.

*Vef.* Alþingi, „Skipti á diplomatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið“, 136. mál, þingsályktunartillaga, 84. löggjafarþing 1963–1964, <http://www.althingi.is/altext/84/s/pdf/0244.pdf>. Skoðað 7. janúar 2016.

*Vef.* Kínversk-íslenska menningarfélagið, „Um KÍM“, <http://kim.is/gamla/node/3>. Skoðað 7. janúar 2016.

Vef. Linda Sigurðardóttir, „Kínversk-íslenska menningarfélagið – Elsta menningarfélag Evrópu“, viðtal við Arnþór Helgason formann Kínversk-íslenska menningarfélagsins (15. mars 2010), <http://is.gbtimes.com/lifsstill/kinversk-islenska-menningarfelagid-elsta-menningarfelag-evropu>. Skoðað 7. janúar 2016.

Vef. *People's Daily*, „Proclamation of the Central People's Government of the PRC“ (2. október 1949), [https://www.marxists.org/reference/archive/mao/selected-works/volume-7/mswv7\\_003.htm](https://www.marxists.org/reference/archive/mao/selected-works/volume-7/mswv7_003.htm). Skoðað 7. janúar 2016.

Vef. Skafti Ingimarsson, „Saga sigurvegaranna. Kommúnistahreyfingin á Íslandi og söguskoðun kalda stríðsins“, *Söguþing 2012. Ráðstefnurit.* (2013), <http://hdl.handle.net/1946/15610>. Skoðað 7. janúar 2016.

## Tölvupóstur

Tölvupóstur frá Arnþóri Helgasyni, 12. desember 2015, 1. janúar 2016.

Tölvupóstur frá Árna Bergmann, 28. desember 2015, 31. desember 2015.

## 2. Prentaðar heimildir

### Bækur, bókakaflar og tímaritsgreinar

Arnór Hannibalsson, *Kommúnismi og vinstri hreyfing á Íslandi* (Reykjavík: Helgafell 1964).

Arnór Hannibalsson, *Moskvulínan. Kommúnistaflokkur Íslands og Komintern. Halldór Laxness og Sovétríkin* (Reykjavík: Nýja bókafélagið 1999).

Árni Bergmann, *Eitt á ég samt – endurminningar* (Reykjavík: Mál og menning 2015).

Árni Snævarr og Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu – samskipti íslenskra sósíalista við kommúnistaríkin* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1992).

Björn Þorsteinsson, *Kínaævintýri* (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs 1979).

*Boðskapur Sjá Enla forsætisráðherra til þjóðhöfðingja ríkja Asíu og Afríku: yfirlýsing kínversku ríkisstjórnarinnar 21. nóvember 1962: fréttatilkynning* (Reykjavík: Heimskringla 1963).

Brynjólfur Bjarnason, „Gelgjuskeið nýrra þjóðfélagshátta“, *Réttur* XL:1–4, bls. 64–115.

Brynjólfur Bjarnason, *Með storminn í fangið* 2. bindi (Reykjavík: Mál og menning 1973).

Brynjólfur Bjarnason, *Pólítísk ævisaga. Viðtöl Einars Ólafssonar ásamt inngangi* (Reykjavík: Mál og menning 1989).

- Brynjólfur Bjarnason, „„Stökkið mikla“ í Kína“, *Tímarit Máls og menningar* XX:1, bls. 24–42.
- Einar Bragi Sigurðsson, „Kristinn E. Andrésón. Byr undir vængjum. Ferðasaga frá Kína“, *Birtingur* VII:4–5, bls. 55–59.
- Einar Olgeirsson, „Harmleikur í Kína“, *Réttur* LXII:4, bls. 238–246.
- Einar Olgeirsson, „Hvert skal stefna?“, *Réttur* XL:1–4, bls. 1–48.
- Einar Olgeirsson, „Marx og marxisminn“, *Réttur* XLI:1–4, bls. 1–8.
- Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, *68 – hugarflug úr viðjum vanans* (Reykjavík: Tákni 1987).
- Gísli Ásmundsson, „Kalda stríðið og lærdómar þess“, *Réttur* XXXIX:1–2, bls. 1–18.
- Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins – ógnir og öryggi í kalda stríðinu á Íslandi* (Reykjavík: Mál og menning 2006).
- Guðrún Kvaran, „Jakob Benediktsson“, *Andvari* CXXXVI:2, bls. 11–71.
- Halldór Laxness, „Austrænir lærdómar“, Þýð. úr ensku: Jakob Benediktsson, *Tímarit Máls og menningar* XIX:2, bls. 129–140.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918-1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2011).
- Hannes Sigfússon, *Framhaldslíf förumanns – endurminningar Hannesar Sigfússonar skálds* (Reykjavík: Iðunn 1985).
- Hannes Sigfússon, „Saga vestrænnar íhlutunar í Kína“ 2. hluti, *Tímarit Máls og menningar* XXIII:3, bls. 164–183.
- Helgi Hannesson, *Sósíalístafélag Íslendinga austantjalds og SÍA-skjölin 1956–1963*, Ritstj.: Árni Daníel Júlíusson (Reykjavík: Félag Sagnfræðinema við HÍ 1989).
- Helgi Sigurðsson, „Samskipti Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína“ (BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2006).
- Iggers, Georg G., *Sagnfræði á 20. öld - Frá vísindalegri hlutlægni til póstmódernískrar gagnrýni*, Ritstj. íslensku útgáfunnar: Guðmundur Jónsson, Þýð.: Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick og Páll Björnsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004).
- Jóhannes úr Kötlum, „Kveðja til Kína“, *Tímarit Máls og menningar* XIII:3, bls. 213–215.
- Jón Ólafsson, „Í læri hjá Komintern“, *Ný saga* IX:1, bls. 4–15.
- Jón Ólafsson, *Kæru félagar – íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920–1960* (Reykjavík: Mál og menning 1999).
- Karol, K.S., „Menningarbyltingin kínverska“, Þýð.: Ásmundur Sigurjónsson, *Tímarit Máls og menningar* XXIX:3–4, bls. 305–340.



- Kristinn E. Andr sson, *Byr undir v ngjum* (Reykjav k: Heimskringla 1959).
- Kuisong, Yang, „The Sino-Soviet Border Clash of 1969: From Zhenbao Island to Sino-American Rapprochement“, *Cold War History* I:1, bls. 21–52.
- Liu Shao-S , *Hvernig ver a menn g  ir komm nistar?*, P  .: Brynj lfur Bjarnason (Reykjav k: Heimskringla 1965)
- Loftur Guttormsson, „Alp dul y veldi  K na 25  ra“, *R ttur* LVII:3, bls. 160–167.
- L thi, Lorenz M., *The Sino-Soviet Split – Cold War in the Communist World* (Princeton/Oxford: Princeton University Press 2008).
- Magn s Kjartansson, *Bak vi  bambustjaldi * (Reykjav k: Heimskringla 1964).
- Magn s Torfi  lafsson, „Myndun þri ja hornsins   st rveldap rihyrningi“, *Samvinna* LXV:3, bls. 39–41.
- Magn s Torfi  lafsson, „Sigur k nverskrar alp  u“, *R ttur* XXXV:1–2, bls. 18–31.
- Mao Tse-Tung, *Kaflar  r ritum*, P  .: Brynj lfur Bjarnason (Reykjav k: Heimskringla 1969).
- Mao Tse-Tung, *Rau a kveri *, P  .: Brynj lfur Bjarnason (Reykjav k: Heimskringla 1967).
- Mao Tse-Tung, *Ritger ir* 1. bindi, P  .:  sgeir Bl. Magn sson, Brynj lfur Bjarnason, G sli  smundsson (Reykjav k: Heimskringla 1959).
- Mao Tse-Tung, *Ritger ir* 2. bindi, P  .: Brynj lfur Bjarnason (Reykjav k: Heimskringla 1963).
- Mao Tse-Tung, *Ritger ir* 3. bindi, P  .: Brynj lfur Bjarnason (Reykjav k: Heimskringla 1970).
- „M lefnasamningur r kisstj rnarinnar“, *R ttur* LIV:3, bls. 149–153.
- Opi  br f mi stj rnar Komm nistaflokks Sov tr kjanna til flokksdeilda og allra komm nista   Sov tr kjunum* (Reykjav k: Heimskringla 1963).
- P tur J. Thorsteinsson, *Utanr kisþj nusta  lands og utanr kism l – s gulegt yfirlit* 2. bindi (Reykjav k: Hi   slenska b kmenntaf lag 1992).
- Ragnhei ur Kristj nsd ttir, *N ytt f lk – þj  erni og  slensk verkal  sstj rnm l 1901–1944* (Reykjav k: H sk la tg fan 2008).
- Rau a b kin – leynisk rslur S A* (Reykjav k: Heimdallur, samt k ungra Sj lfst  ismanna   Reykjav k 1984).
- Sameinumst   grundvelli Moskvuyfirl singarinnar og Moskvusamþykktarinnar* (Reykjav k: Heimskringla 1963).
- Sigr  ur Eir ksd ttir, „Fer as gubrot fr  K naf r“, *Hj krunarkvennabla i * XXXII:3, bls. 1–6.

- Sigríður Eiríksdóttir, „Frá ferðalagi í Kína“, *Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands*, XXXVII:3, bls. 60–66.
- Skafti Ingimarsson, „Breaking with the Past? Icelandic Left-Wing Intellectuals and the Era of De-Stalinization“, *Nordic Cold War Cultures. Ideological Promotion, Public Reception, and East-West Interactions*, Ritstj.: Valur Ingimundarsson og Rósa Magnúsdóttir. Aleksanteri Cold War Series 2:2015, bls. 154–173.
- Skúli Magnússon, „Eitt stykki – einu stykki of mikið“, *Þjóðmál* III:4, bls. 53–60.
- Snorri G. Bergsson, *Roðinn í austri* (Reykjavík: Bókafélagið Uglya 2011).
- Sólveig Kristín Einarisdóttir, *Hugsjónaeldur – minningar um Einar Olgeirsson* (Reykjavík: Mál og menning 2005).
- Stefnuskrá Kommúnistaflokks Sovétríkjanna: samþykkt á 22. þingi Kommúnistaflokks Sovétríkjanna, 31. október 1961* (Reykjavík: Heimskringla 1962).
- Sverrir Kristjánsson, „Byltingarhreyfingin í Kína“, *Réttur* XV:3, bls. 281–294.
- Sverrir Kristjánsson, „Ný ófriðarblika“, *Réttur* XIV:3, bls. 304–317.
- Sverrir Kristjánsson, Snow, Edgar, *Bókin um Kína* (Reykjavík: Heimskringla 1950).
- Tanner, Harold M., *China – A History* 2. bindi (Indianapolis/Cambridge: Hackett Publishing Company, Inc. 2010).
- The Cambridge History of China* 15. bindi, Ritstj.: Twitchett, Denis, Fairbanks, John K. (Cambridge: Cambridge University Press 1991).
- Valdimar Unnar Valdimarsson, „Alþýðulýðveldið og Ísland“, *Ný saga* II:1, bls. 110–119.
- Valur Ingimundarsson, „Ideological Cooperation versus Cold War Realpolitik“, *NORDEUROPAforum* X:1, bls. 7–26.
- Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins – samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945–1960* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 1996).
- Yang, Daniel S. P., „Censorship: 8 Model Works“, *The Drama Review: TDR* XV:2, bls. 258–261.
- Þór Whitehead, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934* (Reykjavík: Menningarsjóður 1979).
- Þór Whitehead, *Sovét-Ísland, óskalandið* (Reykjavík: Bókafélagið Uglya 2010).
- Þóra Vigfúsdóttir, „Frelshreyfing kvenna í Kína“, *Melkorka* VI:1, bls. 12–15.
- Þórbergur Þórðarson, „Til austurheims vil ég halda“, *Tímarit Máls og menningar* XIII:3, bls. 231–254.

## **Dagblöð**

*Alþýðublaðið* 1954–1956

*Frjáls þjóð* 1964

*Morgunblaðið* 1963–1986

*Þjóðviljinn* 1947–1986

